

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Belarús, nr. 97/2012.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr., í rétttri númeraröð:

- 1.36 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/1864 frá 29. júní 2024 um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu, sbr. fylgiskjal 1.36.
- 2.42 Reglugerð ráðsins (ESB) 2024/1865 frá 29. júní 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu, sbr. fylgiskjal 2.42.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

Utánrikisráðuneytinu, 17. október 2024.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 1.36.**ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2024/1864**

frá 29. júní 2024

um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá ædsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 15. október 2012 samþykkti ráðið ákvörðun 2012/642/SSUÖ⁽¹⁾.
- 2) Hinn 24. febrúar 2022 tilkynnti forseti Rússneska sambandsríkisins um hernaðaraðgerð í Úkraínu og rússneskur herafli hóf árás á Úkraínu, þ.m.t. frá yfirráðasvæði Belarús (Hvíta-Rússlandi). Sú árás er blygðunarlaust brot á landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu.
- 3) Hinn 2. mars 2022 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2022/356⁽²⁾ þar sem titli ákvörðunar 2012/642/SSUÖ var breytt og innleiddar voru frekari þvingunaraðgerðir til að bregðast við þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu.
- 4) Í ályktunum sínum frá 20. og 21. október 2022 hvatti leiðtoga ráðið stjórnvöld í Belarús til að hætta að gera Rússum kleift að halda áfram árásarstríði sínu með því að heimila rússneskum herafli að nota yfirráðasvæði Belarús og með því að veita rússneska hernum stuðning. Leiðtoga ráðið staðfesti að stjórnin í Belarús verði að uppfylla skuldbindingar sínar að fullu samkvæmt þjóðarétti og að Sambandið verði áfram reiðubúið til að bregðast skjótt við með því að beita Belarús frekari refsiaðgerðum.
- 5) Hinn 18. janúar 2023 sendi Sambandið frá sér yfirlýsingu á fundi ráðherranefndar Evrópuráðsins um ástand mannréttinda í Belarús þar sem það lýsti yfir þungum áhyggjum af skelfilegu og versnandi ástandi í mannréttindamálum í Belarús undir stjórn Lukashenkos og fordæmdi enn fremur aðgerðir stjórnarinnar í Minsk sem miða að því að styðja við villmannslegar árásir Rússa gegn Úkraínu og endurnýjaðar tilraunir til að nota farandfólk með kaldranalegum og ofbeldisfullum hætti til að skapa hættuástand á landamærum Sambandsins.
- 6) Í ályktunum sínum frá 23. mars 2023 og 29. og 30. júní 2023 fordæmdi leiðtoga ráðið áframhaldandi hernaðarlegan stuðning við árásarstríð Rússlands af hálfu Belarús og lagði áherslu á að Belarús verði að hætta að leyfa rússneskum herafli að nota yfirráðasvæði sitt, þ.m.t. til að beita litlum kjarnavopnum (e. tactical nuclear weapons).
- 7) Í ljósi þess hversu alvarleg staðan er og til að bregðast við áframhaldandi þátttöku Belarús í árásum Rússlands gegn Úkraínu þykir rétt að innleiða viðbótarþvingunaraðgerðir.
- 8) Einkum þykir rétt að víkka út útflutningsbann á vörur og tækni með tvíþætt notagildi og háþróaðar vörur og tækni enn frekar og innleiða frekari útflutningstakmarkanir á vörur sem einkum gætu stuðlað að því að efla getu Belarús á sviði iðnaðar.
- 9) Einnig þykir rétt að banna umflutning á vörum og tækni með tvíþætt notagildi um yfirráðasvæði Belarús, vörum og tækni sem gætu stuðlað að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Belarús eða að þróun á sviði varnar- og öryggismála þess, vörum sem einkum gætu stuðlað að því að efla getu Belarús á sviði iðnaðar, vörum og tækni sem henta til notkunar í flug- eða geimiðnaði og vopnum sem eru flutt út frá Sambandinu.
- 10) Að auki þykir rétt að innleiða frekari höft á útflutning til Belarús, þ.m.t. að því er varðar útflutning á vörum og tækni til siglingaleiðsögu og munaðarvörur.
- 11) Einnig þykir rétt að leggja á bann við beinum eða óbeinum innflutningi, kaupum eða tilflutningi á demöntum frá Belarús.
- 12) Enn fremur þykir rétt að víkka út bann við innflutningi á vörum úr jarðefnum svo það nái yfir hráolíu og innleiða nýtt bann við útflutningi á vörum og vélbúnaði til olíuvinnslu og á vörum og tækni sem henta til notkunar við olíuhreinsun og þéttingar jarðgass í vökva.
- 13) Einnig þykir rétt að leggja bann við því að veita Lýðveldinu Belarús, ríkisstjórn þess, opinberum stofnunum, fyrirtækjum eða skrifstofum eða einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir þeirra hönd eða starfar eftir fyrirmælum þeirra, tiltekna þjónustu með því að banna veitingu reikn-

ingshaldsþjónustu, endurskoðunarþjónustu, þ.m.t. lögboðna endurskoðunarþjónustu, bókhaldsþjónustu, skattaráðgjöf, viðskipta- og rekstraráðgjöf og almannatengslaþjónustu.

- 14) Enn fremur þykir rétt að leggja bann við því veita arkitekta- og verkfræðiþjónustu ásamt ráðgjafarþjónustu á sviði upplýsingatækni og lögfræðiráðgjöf til Belarús.
- 15) Einnig þykir rétt að leggja bann við því að veita Lýðveldinu Belarús, ríkisstjórn þess, opinberum stofnunum, fyrirtækjum eða skrifstofum eða einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir þeirra hönd eða starfar eftir fyrirmælum þeirra, tiltekna þjónustu með því að banna veitingu þjónustu á sviði auglýsinga, markaðsrannsókna og skoðanakannana, ásamt vöruþrófunum og tæknilegri skoðunarþjónustu.
- 16) Til að tryggja samræmi við túlkun Dómstóls Evrópusambandsins í máli C-72/11 þykir rétt að breyta ákvæðinu sem bannar sniðgöngu til að skýra að kröfurnar um þekkingu og ásetning eru ekki aðeins uppfylltar þegar einstaklingur leitast vísvitandi við að sniðganga þvingunaraðgerðir eða valda því að þær séu sniðgengnar heldur einnig þegar einstaklingi sem tekur þátt í starfsemi sem miðar að því eða hefur þau áhrif að þvingunaraðgerðir eru sniðgengnar er ljóst að slík þátttaka getur haft það markmið eða þau áhrif og sættir sig við þann möguleika.
- 17) Einnig þykir rétt að innleiða bann við innflutningi á vörum sem gera það mögulegt fyrir Belarús að auka fjölbreytni tekjulinda sinna og gera því þar með kleift að taka þátt í árásum Rússa gegn Úkraínu.
- 18) Einnig þykir rétt að leggja á bann við beinum eða óbeinum innflutningi, kaupum eða tilflutningi á gulli.
- 19) Enn fremur þykir rétt að innleiða frekari þvingunaraðgerðir í ýmsum geirum, einkum orkugeiranum og fluggeiranum.
- 20) Einnig þykir rétt að víkka út bannið við vöruflutningi á vegum í Sambandinu með eftirvögnum og festivögnum sem skráðir eru í Belarús, þ.m.t. þegar þeir eru dregnir af vörubifreiðum sem skráðar eru utan Belarús.
- 21) Einnig þykir rétt að innleiða frekari viðmiðun fyrir skráningu einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem sæta frystingu eigna og banninu við að gera fjármuni og efnahagslegan auð aðgengilegan tilgreindum aðilum og rekstrareiningum.
- 22) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.
- 23) Því ætti að breyta ákvörðun 2012/642/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2012/642/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 1. gr. a er breytt sem hér segir:
 - a) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„1a. Lagt er bann við umflutningi um yfirráðasvæði Belarús á skotvopnum, hlutum þeirra og nauðsynlegum íhlutum og skotfærum, eins og um getur í 1. mgr., sem eru flutt út frá Sambandinu.“
 - b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Lagt er bann við því að:

 - a) veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum sem um getur í 1. mgr. og við því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi,
 - b) veita fjármögnun eða fjárhagsástoð, sem tengist vörum sem um getur í 1. mgr., vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings þessara vara eða sem tengist því að veita tengda tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Belarús eða til notkunar þar í landi eða
 - c) selja, veita leyfi fyrir eða framselja með öðrum hætti hugverkarétt eða viðskiptaleyndarmál, sem og að veita rétt til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi.“
- 2) Eftirfarandi grein er bætt við:

„1. gr. b

1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á vörum sem einkum gætu stuðlað að því að efla getu Belarús á sviði iðnaðar, hvort sem þær eru upprunnar í Sambandinu eða ekki, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Belarús eða til notkunar þar í landi.
2. Lagt er bann við umflutningi um yfirráðasvæði Belarús á vörum og tækni, sem um getur í 1. mgr., sem er flutt út frá Sambandinu.
3. Lagt er bann við því að:
 - a) veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., og við því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi,
 - b) að veita fjármögnun eða fjárhagsástoð, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings þessara vara og tækni eða sem tengist veitingu tengdrar tækniástoðar, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi eða
 - c) selja, veita leyfi fyrir eða framselja með öðrum hætti hugverkarétt eða viðskiptaleyndarmál, sem og að veita rétt til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi.
4. Bönnin í 1. og 3. mgr. skulu ekki gilda fyrir en 2. október 2024 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 1. júlí 2024 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna framkvæmdar slíkra samninga.
5. Að því er varðar vörur sem falla undir SN-númer 2602 gilda bönnin í 1. og 3. mgr. ekki fyrir en 2. ágúst 2024 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 1. júlí 2024 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna framkvæmdar slíkra samninga.
6. Að því er varðar vörur sem falla undir SN-númer 8708 99 gilda bönnin í 1. og 3. mgr. ekki fyrir en 2. janúar 2025 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 1. júlí 2024 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna framkvæmdar slíkra samninga.
7. Bönnin sem um getur í 1. og 3. mgr. gilda ekki um vörur sem eru nauðsynlegar í opinberum tilgangi sendi- eða ræðisskrifstofa aðildarríkjanna eða samstarfslanda í Belarús eða alþjóðastofnana sem njóta friðhelgi að þjóðarétti, eða um persónulegar eigur starfsfólks þeirra.
8. Lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna geta heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni sem um getur í 1. mgr. eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsástoðar eftir að hafa gengið úr skugga um að slíkar vörur eða tækni eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsástoðar sé nauðsynleg:
 - a) vegna lækninga eða lyfja eða í mannúðarskyni, s.s. til að veita, eða greiða fyrir því að veitt sé, ástoð, þ.m.t. sjúkragögn, matvæli eða flutningur starfsmanna hjálparstofnana og tengd ástoð, eða vegna brottflutnings,
 - b) til einkanota og undir fullu eftirliti aðildarríkisins sem veitir heimildina og til að uppfylla framfærsluskyldur sínar á svæðum sem falla undir langtímaleigusamning milli þess aðildarríkis og Belarús eða
 - c) til að koma á fót kjarnorkugetu til borgaralegra nota, til reksturs hennar, viðhalds, eldsneytis- afhendingar og -endurmeðhöndlunar og öryggis hennar, og til að halda áfram hönnun, byggingu og gangsetningu sem þarf til að ljúka við kjarnorkustöðvar til borgaralegra nota, til afhendingar forefna til framleiðslu á geislavirkum samsætum til lækninga og svipaðrar læknisfræðilegrar notkunar, eða mikilvægrar tækni til vöktunar á geislun í umhverfinu, sem og til samstarfs um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar.
9. Lögbær stjórnvöld geta einnig heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara sem falla undir SN-númer 8417 20 eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsástoðar eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsástoðar sé nauðsynleg til persónulegra heimilisnota einstaklinga.

10. Þrátt fyrir 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað umflutning um yfirráðasvæði Belarús á vörum og tækni, sem einkum gætu stuðlað að því að efla getu Belarús á sviði iðnaðar, eftir að hafa ákvarðað að nota eigi slíkar vörur eða tækni í þeim tilgangi sem settur er fram í 8. mgr. þessarar greinar.
11. Bönnin í 1., 2. og 3. mgr. gilda ekki um sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni sem um getur í 1. mgr. eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, til annarra nota en hernaðarlegra nota eða til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu, vegna neyðarástands í heilbrigðismálum, til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum.
12. Þrátt fyrir 1. og 3. mgr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni sem falla undir SN-númer 3917, 8523 og 8536, eins og skráð er í XVIII viðauka við reglugerð (EB) nr. 765/2006, eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar eftir að hafa ákvarðað að þessar vörur eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar séu nauðsynleg fyrir viðhald eða viðgerð á lækningatækjum.
13. Lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna geta heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á eftirfarandi vörum eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar sé nauðsynleg til persónulegra heimilisnota einstaklinga í Belarús:
- vörum sem falla undir SN-númer 8417 20,
 - rörum, pípum og píputengi úr kopar sem falla undir SN-númer 7411 eða 7412 og eru allt að 50 mm að innanmáli.
14. Lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna geta heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara sem falla undir SN-númer 3917 10 eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur séu seldar, afhentar, fluttar til eða fluttar út eingöngu fyrir matvælaframleiðslu til manneldis í Belarús.
15. Við afgreiðslu beiðna um heimildir í þeim tilgangi sem um getur í 8., 9., 10., 12., 13. og 14. mgr. skulu lögbær stjórnvöld ekki veita heimild til útflutnings til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi ef þau hafa réttmæta ástæðu til að ætla að vörurnar séu til hernaðarnota.
16. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 8., 9., 10., 12., 13. og 14. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.
17. Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir falla undir þessa grein.“
- 3) Ákvæðum 2. gr. c er breytt sem hér segir:
- Eftirfarandi málsgrein er bætt við:
„1a. Lagt er bann við umflutningi um yfirráðasvæði Belarús á vörum og tækni með tvíþætt notagildi, eins og um getur í 1. mgr., sem er flutt út frá Sambandinu.“
 - Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:
„2. Lagt er bann við því að:
 - veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., og við því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi,
 - að veita fjármögnun eða fjárhagsástoð, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings þessara vara og tækni eða sem tengist veitingu tengdrar tækniástoðar, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi eða
 - selja, veita leyfi fyrir eða framselja með öðrum hætti hugverkarétt eða viðskiptaleyndarmál, sem og að veita rétt til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi.“
 - Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

- „3a. Með fyrirvara um kröfur vegna heimilda í reglugerð (ESB) 2021/821 gildir bannið í 1. mgr. a í þessari grein ekki um umflutning um yfirráðasvæði Belarús á vörum og tækni með tvíþætt notagildi sem nota á í þeim tilgangi sem fram kemur í a- til e-lið 3. mgr. þessarar greinar.“
- d) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:
- „4a. Þrátt fyrir 1. mgr. a og með fyrirvara um kröfur vegna heimilda í reglugerð (ESB) 2021/821 geta lögbær stjórnvöld heimilað umflutning um yfirráðasvæði Belarús á vörum og tækni með tvíþætt notagildi þegar gengið hefur verið úr skugga um að nota eigi slíkar vörur eða tækni í þeim tilgangi sem fram kemur í b-, c-, d- og h-lið 4. mgr. þessarar greinar.“
- 4) Ákvæðum 2. gr. d er breytt sem hér segir:
- a) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:
- „1a. Lagt er bann við umflutningi um yfirráðasvæði Belarús á vörum og tækni sem kunna að stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Belarús eða þróun þess á sviði varnar- og öryggismála, sem eru fluttar út frá Sambandinu.“
- b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:
- „2. Lagt er bann við því að:
- veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., og við því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi,
 - að veita fjármögnun eða fjárhagsástoð, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings þessara vara og tækni eða sem tengist veitingu tengdrar tækniástoðar, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi eða
 - selja, veita leyfi fyrir eða framselja með öðrum hætti hugverkarétt eða viðskiptaleyndarmál, sem og að veita rétt til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi.“
- c) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:
- „3a. Bannið í 1. mgr. a gildir ekki um umflutning um yfirráðasvæði Belarús á vörum og tækni sem kunna að stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Belarús eða þróun þess á sviði varnar- og öryggismála, sem ætlaðar eru til þeirra nota sem um getur í a- til e-lið 3. mgr.“
- d) Ákvæðum 4. mgr. er breytt sem hér segir:
- Í stað g-liðar kemur eftirfarandi:

„g) sendiskrifstofum Sambandsins, aðildarríkja og samstarfslanda, þ.m.t. sendinefndum, sendiráðum og fastanefndum,“
 - Í stað h-liðar kemur eftirfarandi:

„h) til að tryggja netöryggi og upplýsingaöryggi fyrir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir í Belarús, þó ekki fyrir stjórnvöld og fyrirtæki sem eru með beinum eða óbeinum hætti undir yfirráðum þeirra stjórnvalda eða“
 - Eftirfarandi lið er bætt við:

„i) til einkanota og undir fullu eftirliti aðildarríkisins sem veitir heimildina og til að uppfylla framfærsluskyldur sínar á svæðum sem falla undir langtímaleigusamning milli þess aðildarríkis og Belarús.“
- e) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:
- „4b Þrátt fyrir 1. mgr. a geta lögbær stjórnvöld heimilað umflutning um yfirráðasvæði Belarús á vörum og tækni, sem kunna að stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Belarús eða að þróun þess á sviði varnar- og öryggismála, eftir að hafa ákvarðað að nota eigi slíkar vörur eða tækni í þeim tilgangi sem settur er fram í b-, c-, d- og h-lið 4. mgr.“
- 5) Í stað 1. mgr. 2. gr. da kemur eftirfarandi:

„1. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 2. gr. c og 1. og 2. mgr. 2. gr. d og með fyrirvara um kröfurnar um heimildir í reglugerð (ESB) 2021/821 geta lögbær stjórnvöld einungis heimilað, að því er varðar einstaklingana, lögaðilana, rekstrareiningarnar eða stofnanirnar sem eru á skrá í II. viðauka, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni með tvíþætt notagildi og vara og tækni sem um getur í 2. gr. d, eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, eftir að þau hafa ákvarðað að slíkar vörur eða tækni eða tengd tækni- eða fjárhagsaðstoð sé:

- a) nauðsynlegt til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða
- b) nauðsynlegt vegna framkvæmdar samninga sem gerðir voru fyrir 3. mars 2022, eða fylgisamninga sem eru nauðsynlegir fyrir efndir þess háttar samnings, að því tilskildu að farið sé fram á slíka heimild fyrir 1. maí 2022.“

6) Eftirfarandi grein er bætt við:

„2. gr. db

1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á vörum og tækni til siglingaleiðsögu, hvort sem þær eru upprunnar í Sambandinu eða ekki, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Belarús eða til notkunar þar í landi.

2. Lagt er bann við því að:

- a) veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., og við því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi,
- b) að veita fjármögnun eða fjárhagsástoð, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings þessara vara og tækni eða sem tengist veitingu tengdrar tækniástoðar, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi eða
- c) selja, veita leyfi fyrir eða framselja með öðrum hætti hugverkarétt eða viðskiptaleyndarmál, sem og að veita rétt til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi.

3. Bönnin í 1. og 2. mgr. gilda ekki um sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni sem um getur í 1. mgr. eða veitingu tengdrar tækni- og fjárhagsástoðar, til annarra nota en hernaðarlegra nota eða til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu, í mannúðarskyni, vegna neyðarástands í heilbrigðismálum, til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum.

4. Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir falla undir þessa grein.“

7) Eftirfarandi greinar bætast við:

„2. gr. ea

1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á munaðarvörum, hvort sem þær eru upprunnar í Sambandinu eða ekki, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Belarús eða til notkunar þar í landi.

2. Lagt er bann við því að:

- a) veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum sem um getur í 1. mgr. og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi,
- b) veita fjármögnun eða fjárhagsástoð, sem tengist vörum sem um getur í 1. mgr., vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings þessara vara eða sem tengist því að veita tengda tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Belarús eða til notkunar þar í landi eða
- c) selja, veita leyfi fyrir eða framselja með öðrum hætti hugverkarétt eða viðskiptaleyndarmál, sem og að veita rétt til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast vörum sem um getur í 1. mgr. og

því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi.

3. Bannið sem um getur í 1. og 2. mgr. gildir um munaðarvörur að því marki sem virði þeirra fer yfir 300 evrur á hlut, nema annað sé tekið fram.
4. Bannið sem um getur í 1. mgr. gildir ekki um vörur sem eru nauðsynlegar í opinberum tilgangi sendi- eða ræðisskrifstofa aðildarríkjanna eða samstarfslanda í Belarús eða alþjóðastofnana sem njóta friðhelgi að þjóðarétti eða um persónulegar eigur starfsfólks þeirra.
5. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um vörur, sem falla undir SN-númer 7113 00 00 og 7114 00 00, til einkanota fyrir einstaklinga sem ferðast frá Sambandinu eða nánustu aðstandendur þeirra sem ferðast með þeim, sem eru í eigu þessara einstaklinga og ekki ætlaðar til sölu.
6. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað tilflutning eða útflutning til Belarús á menningarverðmætum sem eru í láni innan ramma formlegs menningarsamstarfs við Belarús.
7. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 5. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.
8. Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir falla undir þessa grein.

2. gr. eb

1. Lagt er bann við því að:
 - a) eignast hlut eða auka hlutdeild sína í lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum Belarús eða lögum þriðja lands og starfar í orkugeiranum í Belarús,
 - b) veita eða eiga þátt í fyrirkomulagi við að veita nýtt lán eða láta á annan hátt í té fjármögnun, þ.m.t. eigið fé, til lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum Belarús eða lögum þriðja lands og starfar í orkugeiranum í Belarús, eða í þeim skráða tilgangi að fjármagna slíkan lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun,
 - c) stofna nýtt fyrirtæki um sameiginlegt verkefni með lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum Belarús eða lögum þriðja lands og starfar í orkugeiranum í Belarús eða
 - d) láta í té fjárfestingarþjónustu sem tengist beint þeirri starfsemi sem um getur í a-, b- og c-lið.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, hverja þá starfsemi sem um getur í 1. mgr., eftir að hafa ákvarðað:
 - a) að það sé nauðsynlegt til að tryggja mikilvægar orkubirgðir innan Sambandsins, sem og flutning á jarðgasi og olíu, þ.m.t. hreinsuðum olíuvörum, nema það sé bannað skv. 2. gr. f, frá eða í gegnum Belarús inn í Sambandið eða
 - b) að hún varði einungis lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem starfar í orkugeiranum í Belarús og sem er í eigu lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis.
3. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 2. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.

2. gr. ec

1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á vörum og tækni sem ætlaðar eru til notkunar við olíuhreinsun og þéttingu jarðgass, hvort sem þær eru upprunnar í Sambandinu eða ekki, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Belarús eða til notkunar þar í landi.
2. Lagt er bann við því að:
 - a) veita tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., og við því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi,
 - b) að veita fjármögnun eða fjárhagsaðstoð, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings þessara vara og tækni eða sem tengist veitingu tengdrar tækniaðstoðar, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til handa aðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi eða

- c) selja, veita leyfi fyrir eða framselja með öðrum hætti hugverkarétt eða viðskiptaleyndarmál, sem og að veita rétt til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi.
3. Bönnin í 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda fyrir en 2. október 2024 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 1. júlí 2024 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna framkvæmdar slíkra samninga.
4. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni sem um getur í 1. mgr. eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur eða tækni eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar sé nauðsynleg til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið.
- Í tilhlýðilega rökstuddum, brýnum tilvikum má sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur fara fram án fyrirframheimildar, að því tilskildu að útflytjandi tilkynni lögbæru stjórnvaldi um það innan fimm virkra daga frá því að salan, afhendingin, tilflutningurinn eða útflutningurinn fór fram og láti í té ítarlegar upplýsingar um viðkomandi ástæðu fyrir sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi án fyrirframheimildar.
5. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 4. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.
6. Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir falla undir þessa grein.“
- 8) Í stað 2. gr. f kemur eftirfarandi:

„2. gr. f

1. Lagt er bann við kaupum, innflutningi eða tilflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á vörum úr jarðefnum og hráolíu ef þær eru upprunnar í Belarús eða fluttar þaðan út.
 2. Lagt er bann við því að veita, með beinum eða óbeinum hætti, tækniástoð, miðlunarþjónustu, fjármögnun eða fjárhagsástoð eða aðra þjónustu sem tengist þeim bönnum er um getur í 1. mgr.
 3. Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir falla undir þessa grein.
 4. Bönnin í 1. mgr. gilda ekki um kaup í Belarús á vörum úr jarðefnum sem þörf er á til að uppfylla nauðsynlegar þarfir kaupandans í Belarús eða mannúðarverkefna þar í landi.
 5. Bönnin í 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda um hráolíu fyrir en 2. október 2024 að því er varðar stök viðskipti um afhendingu í náinni framtíð, sem eru gerð og framkvæmd fyrir þann dag, eða efndir samninga um kaup, innflutning eða tilflutning á hráolíu, sem eru gerðir fyrir 1. júlí 2024, eða um fylgisamninga, sem eru nauðsynlegir fyrir efndir slíkra samninga, að því tilskildu að viðkomandi aðildarríki hafi tilkynnt framkvæmdastjórninni um þessa samninga eigi síðar en 23. júlí 2024 og að viðkomandi aðildarríki tilkynni framkvæmdastjórninni um þessi stöku viðskipti um afhendingu í náinni framtíð innan 10 daga frá því að þeim lýkur.
 6. Bönnin í 1. og 2. mgr. þessarar greinar hafa ekki áhrif á umflutning um Belarús á hráolíu sem fellur undir SN-númer 2709 00 og sem er afhent með leiðslu frá Rússlandi inn í aðildarríkin, þangað til að ráðið ákveður að bönnin í 1. og 2. mgr. 4. gr. o í ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ⁽³⁾ gildi um hráolíu sem er afhent með leiðslu frá Rússlandi.
- 9) Eftirfarandi grein er bætt við:

„2. gr. hc

1. Lagt er bann við því að veita, með beinum eða óbeinum hætti, reikningshaldsþjónustu, endurskoðunarþjónustu, þ.m.t. lögboðna endurskoðunarþjónustu, bókhaldsþjónustu eða skattaráðgjöf, viðskipta- og rekstraráðgjöf eða almannatengslapjónustu:
 - a) Lýðveldinu Belarús, stjórn þess, opinberum stofnunum, fyrirtækjum eða skrifstofu eða
 - b) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum Lýðveldisins Belarús, stjórnar þess, opinberra stofnana, fyrirtækja eða skrifstofa.
2. Lagt er bann við því að veita, beint eða óbeint, arkitekta- og verkfræðiþjónustu, lögfræðiráðgjöf og ráðgjafarþjónustu á sviði upplýsingatækni:
 - a) Lýðveldinu Belarús, stjórn þess, opinberum stofnunum, fyrirtækjum eða skrifstofu eða

- b) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyriræmum Lýðveldisins Belarús, stjórnar þess, opinberra stofnana, fyrirtækja eða skrifstofa.
3. Lagt er bann við því að veita, beint eða óbeint, þjónustu á sviði markaðsrannsóknna og skoðanakannana, þjónustu tengda tæknilegum prófunum og greiningu og auglýsingaþjónustu:
- a) Lýðveldinu Belarús, stjórn þess, opinberum stofnunum, fyrirtækjum eða skrifstofu eða
- b) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyriræmum Lýðveldisins Belarús, stjórnar þess, opinberra stofnana, fyrirtækja eða skrifstofa.
4. Lagt er bann við því að selja, afhenda, flytja til, flytja út eða útvega eftirfarandi aðilum, beint eða óbeint, hugbúnað til fyrirtækjastjórnunar og hugbúnað til hönnunar og framleiðslu á sviði iðnaðar:
- a) Lýðveldinu Belarús, stjórn þess, opinberum stofnunum, fyrirtækjum eða skrifstofu eða
- b) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyriræmum Lýðveldisins Belarús, stjórnar þess, opinberra stofnana, fyrirtækja eða skrifstofa.

Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir falla undir þessa málsgrein.

5. Lagt er bann við því að:
- a) veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum og þjónustu sem um getur í 1.–4. mgr., vegna veitingar þeirra með beinum eða óbeinum hætti til Lýðveldisins Belarús, stjórnar þess, opinberra stofnana, fyrirtækja eða skrifstofa, eða einstaklings, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyriræmum slíks lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar eða
- b) veita fjármögnun eða fjárhagsástoð sem tengist vörum og þjónustu sem um getur í 1.–4. mgr., vegna veitingar þeirra með beinum eða óbeinum hætti, til Lýðveldisins Belarús, stjórnar þess, opinberra stofnana, fyrirtækja eða skrifstofa, eða einstaklings, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyriræmum slíks lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar.
6. Ákvæði 1.–4. mgr. gilda ekki um veitingu bráðnauðsynlegrar þjónustu til að slíta, eigi síðar en 2. október 2024, samningum sem eru ekki í samræmi við þessa grein og voru gerðir fyrir 1. júlí 2024 eða fylgisamningum sem nauðsynlegir eru vegna framkvæmdar slíkra samninga.
7. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um veitingu þjónustu sem er bráðnauðsynleg vegna nýtingar réttarins til varnar í dómsmálum og réttarins til skilvirks lagalegs úrræðis.
8. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um veitingu þjónustu sem er bráðnauðsynleg til að tryggja aðgang að dóms-, stjórnsýslu- eða gerðardómsmeðferðum í aðildarríki, eða vegna viðurkenningar eða fullnustu dóms eða gerðardóms sem fellur í aðildarríki, að því tilskildu að slík veiting þjónustu sé í samræmi við markmið þessarar ákvörðunar.
9. Ákvæði 1.–4. mgr. gilda ekki fyrr en 2. janúar 2025 um veitingu þjónustu sem er eingöngu ætluð til einkanota lögaðila, rekstrareininga eða stofnana með staðfestu í Belarús sem eru í eigu eða lúta einvörðungu eða sameiginlegri stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis, lands sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, Sviss eða samstarfslands eins og skráð er í IV. viðauka.
10. Ákvæði 2., 3. og 4. mgr. gilda ekki um veitingu þjónustu sem er nauðsynleg vegna neyðarástands í heilbrigðismálum, til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum.
11. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað þá þjónustu sem um getur í þeim, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að hún sé algerlega nauðsynleg til að setja upp, votta eða meta eldvegg sem:
- a) fjarlægir yfirráð sem einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun sem er á skrá í I. viðauka hefur yfir eignum lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er ekki á skrá, sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis og sem er í eigu eða undir yfirráðum þess fyrrnefnda og
- b) tryggir að engir frekari fjármunir eða efnahagslegur auður hljóttist af í þágu einstaklingsins, lögaðilans, rekstrareiningarinnar eða stofnunarinnar sem er á skrá.
12. Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað veitingu þeirrar þjónustu sem um getur þar, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að þessi þjónusta sé nauðsynleg fyrir framlag ríkisborgara Belarús til alþjóðlegra verkefna um opinn aðgang.

13. Þrátt fyrir ákvæði 1.–5. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað þá þjónustu sem um getur í þeim, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að þetta sé nauðsynlegt:

- a) í mannúðarskyni, s.s. til að veita eða greiða fyrir því að veitt sé aðstoð, þ.m.t. sjúkragögn, matvæli eða flutningur starfsmanna hjálparstofnana og tengd aðstoð, eða vegna brottflutnings,
- b) fyrir aðgerðir í borgaralegu samfélagi sem efla, með beinum hætti, lýðræði, mannréttindi eða réttarríkið í Belarús,
- c) vegna starfsemi sendi- og ræðisskrifstofa Sambandsins og aðildarríkjanna eða samstarfslanda í Belarús, þ.m.t. sendinefnda, sendiráða og fastanefnda, eða alþjóðastofnana í Belarús sem njóta friðhelgi að þjóðarétti,
- d) til að tryggja mikilvægar orkubirgðir innan Sambandsins og vegna kaupa, innflutnings eða flutnings inn í Sambandið á titani, áli, kopar, nikkeli, palladíum og járngrýti,
- e) til að tryggja samfellda starfrækslu grunnvirkja, vélbúnaðar og hugbúnaðar sem eru mikilvæg fyrir heilbrigði og öryggi manna eða fyrir öryggi umhverfisins,
- f) til að koma á fót kjarnorkugetu til borgaralegra nota, til reksturs hennar, viðhalds, eldsneytisafhendingar og -endurmeðhöndlunar og öryggis hennar, og til að halda áfram hönnun, byggingu og gangsetningu sem þarf til að ljúka við kjarnorkustöðvar til borgaralegra nota, til afhendingar forefna til framleiðslu á geislavirkum samsætum til lækninga og svipaðrar læknisfræðilegrar notkunar, eða mikilvægrar tækni til vöktunar á geislun í umhverfinu, sem og til samstarfs um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar,
- g) vegna veitingar fjarskiptafyrirtækja í Sambandinu á rafrænni fjarskiptaþjónustu sem þarf vegna reksturs, viðhalds og öryggis, þ.m.t. netöryggis, rafrænnar fjarskiptaþjónustu í Belarús, í Úkraínu, í Sambandinu, milli Belarús og Sambandsins og milli Úkraínu og Sambandsins og vegna gagnaversþjónustu í Sambandinu eða
- h) til einkanota lögaðila, rekstrareininga eða stofnana með staðfestu í Belarús sem eru í eigu eða lúta einvörðungu eða sameiginlegri stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis, lands sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, Sviss eða samstarfslands eins og skráð er í IV. viðauka.

14. Þrátt fyrir 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað veitingu þeirrar lögfræðiráðgjafar sem þar um getur samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að slíkt sé nauðsynlegt til að framhald verði á fyrirliggjandi framtaksverkefnum sem veita fórnarlömbum náttúruhamfara eða hamfara af völdum kjarnorku- eða efnaiðnaðar stuðning og innan ramma alþjóðlegs samþykktarferlis.

15. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 11.–14. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

10) Í stað 2. gr. k kemur eftirfarandi:

„2. gr. k

Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits og af ásetningu, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að bönnin í þessari ákvörðun eru sniðgengin, þ.m.t. með því að taka þátt í slíkri starfsemi án þess að leitast vísvitandi við að ná því markmiði eða áhrifum en vera ljóst að þátttakan getur haft það markmið eða þau áhrif og sætta sig við þann möguleika.“

11) Eftirfarandi greinar bætast við:

„2. gr. ra

1. Lagt er bann við kaupum, innflutningi eða flutningi inn í Sambandið, með beinum eða óbeinum hætti, á vörum sem gera það mögulegt fyrir Belarús að auka fjölbreytni tekjulinda sinna og gera því þar með kleift að taka þátt í árásum Rússa gegn Úkraínu, ef þær eru upprunnar í Belarús eða fluttar þaðan út.

Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir falla undir þessa málsgrein.

2. Lagt er bann við því að:

- a) veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við bannið í 1. mgr.,
- b) veita fjármögnun eða fjárhagsástoð, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., vegna kaupa, innflutnings eða tilflutnings þessara vara og tækni eða sem tengist því að veita tengda

tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við bannið í 1. mgr.

3. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um kaup í Belarús sem eru nauðsynleg vegna starfsemi sendi- og ræðis-skrifstofa Sambandsins og aðildarríkjanna, þ.m.t. sendinefnda, sendiráða og fastanefnda, eða til einkanota fyrir ríkisborgara aðildarríkjanna og nánustu aðstandendur þeirra.
4. Lögbær stjórnvöld aðildarríkis geta heimilað innflutning á vörum sem eru eingöngu ætlaðar til einkanota einstaklinga sem ferðast til Sambandsins eða nánustu aðstandenda þeirra og takmarkast við persónulegar eigur þessara einstaklinga og sem eru greinilega ekki ætlaðar til sölu.
5. Lögbær stjórnvöld geta heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, komu ökutækis sem fellur undir SN-númer 8703 inn í Sambandið, sem er ekki ætlað til sölu og er í eigu:
 - a) borgara aðildarríkis eða náins aðstandanda sem er búsettur í Belarús og ekur ökutækinu inn í Sambandið eingöngu til einkanota eða
 - b) borgara Belarús sem er handhafi gildrar vegabréfsáritunar eða dvalarleyfis sem heimilar komu inn í Sambandið og sem ekur farartækinu inn í Sambandið eingöngu til persónulegra nota.
6. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um komu vélknúinna ökutækja sem falla undir SN-númer 8703 inn í Sambandið ef þau bera diplómátskt skráningarmarki og eru nauðsynleg vegna starfsemi sendi- og ræðis-skrifstofa, þ.m.t. sendinefnda, sendiráða og fastanefnda, eða alþjóðastofnana sem njóta friðhelgi að þjóðar-rétti, eða til einkanota starfsfólks þeirra og nánustu aðstandenda þeirra.
7. Bannið í 1. mgr. kemur ekki í veg fyrir að ökutæki sem þegar eru á yfirráðasvæði Sambandsins 1. júlí 2024 verði skráð í aðildarríki.
8. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um komu ökutækis sem fellur undir SN-númer 8703 inn í Sambandið, sem er eingöngu ætlað í mannúðarskyni, þ.m.t. vegna brottflutnings eða heimsendingar einstaklinga, eða til að flytja farþega sem hafa vottorð, útgefið af aðildarríki, sem staðfestir að þeir ferðist til þess aðildarríkis innan ramma framtaksverkefna til stuðnings fórnarlömbum náttúruhamfara eða hamfara af völdum kjarnorku- eða efnaðnaðar.
9. Bönnin í 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda fyrir en 2. október 2024 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 1. júlí 2024 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna framkvæmdar slíkra samninga.
10. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað kaup, innflutning eða tilflutning varanna, eða veitingu tengdrar tækni- og fjárhagsástoðar, með þeim skilyrðum sem þau telja við hæfi, eftir að hafa ákvarðað að slíkt sé nauðsynlegt til að koma á fót kjarnorkugetu til borgaralegra nota, til reksturs hennar, viðhalds, eldsneytisafhendingar og -endurmeðhöndlunar og öryggis hennar, og til að halda áfram hönnun, byggingu og gangsetningu sem þarf til að ljúka við kjarnorkustöðvar til borgaralegra nota, til afhendingar forefna til framleiðslu á geislavirkum samsætum til lækninga og svipaðrar læknisfræðilegrar notkunar, eða mikilvægrar tækni til vöktunar á geislun í umhverfinu, sem og til samstarfs um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar.
11. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, innflutning eða tilflutning vara sem voru staðsettar í Belarús, áður en viðeigandi bann tók gildi að því er varðar þessar vörur, sem falla undir SN-númer 8471, 8523, 8536 og 9027, eins og skráð er í XXVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 765/2006, eða veitingu tengdrar tækni- og fjárhagsástoðar, eftir að hafa ákvarðað að þessar vörur séu ihlutir lækningatækja og séu fluttar inn í Sambandið vegna viðhalds, viðgerðar eða skila á gölluðum ihlutum.
12. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 10. og 11. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.

2. gr. rb

1. Lagt er bann við kaupum, innflutningi eða tilflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á gulli ef það er upprunnið í Belarús og hefur verið flutt út frá Belarús inn í Sambandið eða til hvaða þriðja lands sem er eftir 1. júlí 2024.
2. Lagt er bann við kaupum, innflutningi eða tilflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á vörum sem eru unnar í þriðja landi og fela í sér vörurnar sem eru bannaðar skv. 1. mgr.
3. Lagt er bann við kaupum, innflutningi eða tilflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á gulli, eins og skráð er í XXII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 765/2006, ef það er upprunnið í Belarús og hefur verið flutt út frá Belarús til Sambandsins eftir 1. júlí 2024.
4. Lagt er bann við því að:

- a) veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum sem um getur í 1., 2. og 3. mgr., og við því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við bönnin í þessum málsgreinum,
 - b) veita fjármögnun eða fjárhagsástoð, sem tengist vörunum sem um getur í 1., 2. og 3. mgr., vegna kaupa, innflutnings eða tilflutnings þessara vara eða sem tengist því að veita tengda tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við bönnin í þessum málsgreinum.
5. Bönnin í 1., 2. og 3. mgr. gilda ekki um gull sem er nauðsynlegt í opinberum tilgangi sendi- eða ræðis-skrifstofa eða alþjóðastofnana í Belarús sem njóta friðhelgi að þjóðarétti.
6. Bannið í 3. mgr. gildir ekki um skartgripa úr gulli til einkanota fyrir einstaklinga sem ferðast til Sambandsins eða fyrir nánustu aðstandendur þeirra sem ferðast með þeim, eru í eigu þessara einstaklinga og ekki ætlaðar til sölu.
7. Þrátt fyrir 1., 2. og 3. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað tilflutning eða innflutning á menningar-verðmætum sem eru í láni í tengslum við formlegt menningarsamstarf við Belarús.
8. Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir falla undir þessa grein.

2. gr. rc

1. Frá og með 1. júlí 2024 er lagt bann við kaupum, innflutningi eða tilflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á demöntum og vörum með demöntum ef þeir eru upprunnir í Belarús eða hafa verið fluttir út frá Belarús inn í Sambandið eða til þriðja lands.
 2. Frá og með 1. júlí 2024 er lagt bann við kaupum, innflutningi eða tilflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á demöntum og vörum með demöntum hver sem uppruni þeirra er, ef þeir voru fluttir um yfirráðasvæði Belarús.
 3. Lagt er bann við því að:
 - a) veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum sem um getur í 1. og 2. mgr., og við því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við bönnin í þessum málsgreinum,
 - b) veita fjármögnun eða fjárhagsástoð, sem tengist vörum sem um getur í 1. og 2. mgr., vegna kaupa, innflutnings eða tilflutnings þessara vara eða sem tengist því að veita tengda tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við bönnin í þessum málsgreinum.
 4. Bönnin í 1. og 2. mgr. gilda ekki um demanta eða vörur með demanta til einkanota fyrir einstaklinga sem ferðast til Sambandsins eða fyrir nánustu aðstandendur þeirra sem ferðast með þeim, eru í eigu þessara einstaklinga og ekki ætlaðar til sölu.
 5. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað tilflutning eða innflutning á menningar-verðmætum sem eru í láni í tengslum við formlegt menningarsamstarf við Belarús.
 6. Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir falla undir þessa grein.“
- 12) Ákvæðum 2. gr. s er breytt sem hér segir:
- a) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„1a. Lagt er bann við umflutningi um yfirráðasvæði Belarús á vélbúnaði, sem um getur í 1. mgr., sem er fluttur út frá Sambandinu.“
 - b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„3a. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni sem um getur þar eða veitingu tengdrar tækniástoðar, miðlunarþjónustu, fjármögnunar eða fjárhagsástoðar, þ.m.t. fjármálaafleiður, ásamt váttryggingum og endurtryggingum, eftir að hafa ákvarðað að það sé ætlað sendiskrifstofum Sambandsins, aðildarríkja og samstarfslanda, þ.m.t. sendinefndum, sendiráðum og fastanefndum, og alþjóðastofnunum sem njóta friðhelgi að þjóðarétti.

3b. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 3. mgr. a innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“
- 13) Ákvæðum 2. gr. sa er breytt sem hér segir:
- a) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

- „1a. Lagt er bann við umflutningi um yfirráðasvæði Belarús á vörum og tækni sem henta til notkunar í flug- eða geimiðnaði, sem flutt er út frá Sambandinu.“
- b) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:
- „4. Lagt er bann við því að:
- veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., og við því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi,
 - að veita fjármögnun eða fjárhagsástoð, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings þessara vara og tækni eða sem tengist veitingu tengdrar tækniástoðar, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi eða
 - selja, veita leyfi fyrir eða framselja með öðrum hætti hugverkarétt eða viðskiptaleyndarmál, sem og að veita rétt til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi.“
- c) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:
- „6a. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 4. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni sem henta til notkunar í flugi, sem um getur í 1. mgr., eða veitingu tengdrar tækniástoðar, miðlunarþjónustu, fjármögnunar eða fjárhagsástoðar eftir að hafa ákvarðað að það sé nauðsynlegt vegna framleiðslu titániumvara sem þarf fyrir flugiðnaðinn þar sem ekki liggja fyrir aðrir kostir.
- 6b. Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, veitingu tækniástoðar í tengslum við notkun vara og tækni sem um getur í 1. mgr., eftir að hafa ákvarðað að veiting slíkrar tækniástoðar sé nauðsynleg til að forðast árekstur gervihnatta eða óráðgerða endurkomu þeirra inn í gufuhvolfið.“
- d) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:
- „7a. Þrátt fyrir 1. mgr. a geta lögbær stjórnvöld heimilað umflutning um yfirráðasvæði Belarús á vörum og tækni, sem henta til notkunar í flug- eða geimiðnaðinum, sem um getur í 1. mgr. eftir að hafa ákvarðað að nota eigi slíkar vörur eða tækni í þeim tilgangi sem settur er fram í 6. mgr. a, 6. mgr. b og 7. mgr.
- 7b. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara sem eru á skrá í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 765/2006 ef vörurnar eru ætlaðar til einkanota aðildarríkisins sem veitir heimildina og undir fullu eftirliti þess og til að uppfylla viðhaldsskyldu þess á svæðum sem falla undir langtímaleigusamning milli þess aðildarríkis og Belarús.“
- 14) Ákvæðum 2. gr. z er breytt sem hér segir:
- a) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:
- „1a. Bannið í 1. mgr. gildir um vöruflutninga á yfirráðasvæði Sambandsins sem flutningafyrirtæki á vegum annast, með eftirvögnum eða festivögnum sem skráðir eru í Belarús, þ.m.t. þegar þeir eru dregnir af vörubifreiðum sem skráðar eru í öðrum löndum.
- 1b. Lagt er bann við því að heimila lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Sambandinu, sem er yfir 25% í eigu hvít-rússnesks einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, að verða flutningafyrirtæki á vegum sem flytur vörur á vegum á yfirráðasvæði Sambandsins, þ.m.t. í gegnumflutningi.
- 1c. Frá og með 2. ágúst 2024 er lagt bann við því að flutningafyrirtæki á vegum sem komið er á fót í Sambandinu eftir 8. apríl 2022, sem er yfir 25% í eigu hvít-rússnesks einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, flytji vörur á vegum á yfirráðasvæði Sambandsins, þ.m.t. í gegnumflutningi.
- 1d. Flutningafyrirtæki á vegum með staðfestu í Sambandinu skulu, að fenginni beiðni frá lögbæru innlendu stjórnvaldi aðildarríkisins þar sem þau hafa staðfestu, veita því stjórnvaldi upplýsingar um skipulag eignarhalds síns.“
- b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„2a. Ákvæði 1. mgr. b og 1. mgr. c gilda ekki um flutningafyrirtæki á vegum með staðfestu í Sambandinu, sem eru yfir 25% í eigu ríkisborgara Belarús sem einnig eru ríkisborgarar aðildarríkis eða sem hafa tímabundið dvalarleyfi eða búsetuleyfi í aðildarríki.“

c) Ákvæðum 4. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„4. Þrátt fyrir 1. mgr. og 1. mgr. a geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað vöruflutninga af hálfu flutningafyrirtækis á vegum með staðfestu í Belarús eða hvaða flutningafyrirtækis á vegum sem er, þar sem vörurnar eru fluttar með eftirvögnum eða festivögnum sem skráðir eru í Belarús, þ.m.t. ef þessir eftirvagnar eða festivagnar eru dregnir af vörubifreiðum sem skráðar eru í öðrum löndum, ef lögbær stjórnvöld hafa ákveðið að slíkir flutningar séu nauðsynlegir.“

ii. Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) vegna starfsemi sendi- og ræðisskrifstofa í Belarús, þ.m.t. sendinefnda, sendiráða og fastanefnda, eða alþjóðastofnana í Belarús sem njóta friðhelgi að þjóðarétti.“

15) Ákvæðum 1. mgr. 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir sem auðvelda brot á banninu við því að snið-ganga ákvæði þessarar ákvörðunar eða sem raska þessum ákvæðum verulega á annan hátt,“

b) Eftirfarandi liðir bætast við:

„e) lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir í eigu eða undir stjórn einstaklinga, rekstrareininga eða stofnana sem falla undir a- til d-lið,

f) einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir sem tengjast aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem um getur í b-, c- eða d-lið.“

16) Eftirfarandi greinar bætast við:

„5. gr. a

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað losun tiltekinna frosinna fjármuna eða efnahagslegs auðs sem tilheyrr, er í eigu, í vörslu eða undir stjórn einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í I. viðauka, eða að veita slíkum einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun þjónustu, samkvæmt þeim skilmálum sem þau telja viðeigandi og eftir að hafa ákvarðað að það sé bráðnauðsynlegt til að setja upp, votta eða meta eldvegg sem:

- a) fjarlægir yfirlýðing eða einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun sem er á skrá í I. viðauka hefur yfir eignum lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er ekki á skrá, sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis og sem er í eigu eða undir yfirlýðing þess fjármefnda og
- b) tryggir að engir frekari fjármunir eða efnahagslegur auður hljóttist af í þágu einstaklingsins, lögaðilans, rekstrareiningarinnar eða stofnunarinnar sem er á skrá.

5. gr. b

1. Þrátt fyrir 1. gr. b, 2. gr. c, 2. gr. d, 2. gr. db, 2. gr. e, 2. gr. ea, 2. gr. ec, 2. gr. s og 2. gr. sa geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu eða tilflutning á vörum og tækni sem eru á skrá í V. viðauka a, VI., XIV., XVII., XVIII., XX., XXIV. og XXV viðauka við reglugerð (EB) 765/2006 til 31. desember 2024, ef slík sala, afhending eða tilflutningur er bráðnauðsynlegur til þess að losa um fjárfestingar í Belarús eða slíta þar atvinnustarfsemi, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) vörurnar og tæknin séu í eigu ríkisborgara aðildarríkis eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis, eða lögaðila, rekstrareininga eða stofnana með staðfestu í Belarús sem eru í eigu eða lúta einvörðungu eða sameiginlegri stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis og
- b) lögbær stjórnvöld sem taka ákvörðun um beiðnir um heimildir hafi enga réttmæta ástæðu til að ætla að vörurnar og tæknin geti verið ætlað endanlegum notanda á hernaðarlegu sviði eða séu til hernaðarnota í Belarús og
- c) viðkomandi vörur og tækni hafi verið staðsett í Belarús áður en viðeigandi bönn í 1. gr. b, 2. gr. c, 2. gr. d, 2. gr. db, 2. gr. e, 2. gr. ea, 2. gr. ec, 2. gr. s og 2. gr. sa tóku gildi að því er varðar þessar vörur og tækni.

2. Þrátt fyrir 2. gr. f, að því er varðar vörur úr jarðefnum, og 2 gr. o, 2 gr. p, 2 gr. q, 2 gr. r, 2 gr. ra og 2 gr. rb geta lögbær stjórnvöld heimilað innflutning eða tilflutning á vörum sem eru á skrá í VII., X., XI., XII., XIII., XXI., XXII. og XXVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 765/2006 til 31. desember 2024, ef slíkur innflutningur eða tilflutningur er bráðnauðsynlegur til þess að losa um fjárfestingar í Belarús eða slíta þar atvinnustarfsemi, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) vörurnar séu í eigu ríkisborgara aðildarríkis eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis eða lögaðila, rekstrareininga eða stofnana með staðfestu í Belarús, sem eru í eigu eða lúta einvörðungu eða sameiginlegri stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis, og
- b) viðkomandi vörur voru staðsettar í Belarús áður en viðeigandi bönn í 2. gr. f, að því er varðar vörur úr jarðefnum, eða í 2. gr. o, 2. gr. p, 2. gr. q, 2. gr. r, 2. gr. ra og 2. gr. rb tóku gildi að því er varðar þessar vörur.

3. Þrátt fyrir 2. gr. hc geta lögbær stjórnvöld heimilað áframhaldandi veitingu þjónustu sem þar er talin upp til 31. desember 2024 ef slík veiting þjónustu er algerlega nauðsynleg til þess að losa um fjárfestingar í Belarús eða slíta þar atvinnustarfsemi, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) slík þjónusta er einungis veitt lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem verða til við fjárlausunina og í þágu þeirra og
- b) lögbær stjórnvöld sem taka ákvörðun um beiðnir um heimildir hafi enga réttmæta ástæðu til að ætla að þjónustan kunni að verða veitt, með beinum eða óbeinum hætti, ríkisstjórn Belarús eða endanlegum notanda á hernaðarlegu sviði eða séu til hernaðarnota í Belarús.

4. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 1., 2. eða 3. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.

5. gr. c

1. Að því er varðar bönn við innflutningi vara sem kveðið er á um í þessari ákvörðun er tollyfirvöldum heimilt að afhenda vöru sem staðsett er í Sambandinu eins og kveðið er á um í 26. lið 5. gr. tollalaga Sambandsins⁽⁴⁾, að því tilskildu að vörurnar hafi verið lagðar fram til tollskoðunar í samræmi við 134. gr. tollalaga Sambandsins fyrir þann dag sem viðkomandi innflutningsbönn tóku gildi eða þann dag sem þau komu til framkvæmda, hvort sem ber upp síðar.

2. Heimila skal öll nauðsynleg þrep í málsmeðferðinni vegna afhendingar, sem um getur í 1. og 5. mgr., á viðkomandi vörum samkvæmt tollalögum Sambandsins.

3. Tollyfirvöld skulu ekki heimila afhendingu varanna ef þau hafa rökstuddan grun um sniðgöngu og skulu ekki heimila endurútlutning þeirra til Belarús.

4. Greiðslur í tengslum við slíkar vörur skulu vera í samræmi við ákvæði og markmið þessarar ákvörðunar, einkum bannið við kaupum.

5. Vörur sem voru stöðvaðar við beitingu þessarar ákvörðunar, sem eru staðsettar í Sambandinu og sem lagðar voru fram til tollskoðunar fyrir 1. júlí 2024, mega tollyfirvöld afhenda með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í 1.–4. mgr.

5. gr. d

1. Þegar vörur og tækni sem eru á skrá í XVI., XVII. og XXVIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 765/2006, almennar vörur með mikinn forgang sem eru á skrá í XXX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 765/2006 eða skotvopn og skotfæri sem eru á skrá í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 258/2012 eru seld, afhent, flutt til eða flutt út til þriðja lands, að undanskildum löndunum sem eru á skrá í IV. viðauka a, skulu útflytjendur banna samkvæmt samningi endurútlutning til Belarús og endurútlutning til nota þar í landi.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um:

- a) efndir samninga í tengslum við vörur sem falla undir SN-númer 8457 10, 8458 11, 8458 91, 8459 61 og 8466 93, eins og skráð er í XXX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 765/2006,
- b) efndir samninga sem gerðir voru fyrir 1. júlí 2024 þar til þess dags sem þeir falla úr gildi,
3. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um opinbera samninga sem gerðir eru við opinbert yfirvald í þriðja landi eða við alþjóðastofnun.

4. Útflytjendur skulu upplýsa lögbært stjórnvald í því aðildarríki, þar sem þeir hafa búsetu eða staðfestu, um hvers konar opinberan samning sem þeir hafa gert og sem nýtur góðs af undanþágunni skv. 3. mgr. innan tveggja vikna frá því að hann er gerður. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum

og framkvæmdastjórninni um allar upplýsingar sem það veitir viðtöku samkvæmt þessari málsgrein innan tveggja vikna frá viðtöku þeirra.

5. Við beitingu 1. mgr. skulu útflytjendur tryggja að í samningi við þriðja land sem er mótaðili sé að finna fullnægjandi úrræði ef brotið er gegn samningsbundinni skyldu skv. 1. mgr.

6. Ef þriðja landið sem er mótaðili brýtur gegn einhverri samningsbundinni skyldu skv. 1. mgr. skulu útflytjendur tilkynna lögbæru stjórnvaldi aðildarríkisins þar sem þeir eru búsettir eða hafa staðfestu um brotið um leið og þeir verða varir við það.

7. Aðildarríkin skulu upplýsa hvert annað og framkvæmdastjórnina um tilvik þar sem komið hefur í ljós að brotið hefur verið gegn samningsbundinni skyldu skv. 1. mgr. eða hún sniðgöngu.

17) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 6. gr. a:

„4. Lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna, þ.m.t. fullnustuyfirvöld, tollyfirvöld í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013, lögbær stjórnvöld í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013⁽⁵⁾, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849⁽⁶⁾ og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB⁽⁷⁾, auk stjórnenda opinberra skráa þar sem einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir, ásamt fasteignum eða lausafé, eru skráð, skulu vinna og skiptast án tafar á upplýsingum, þ.m.t. persónuupplýsingum og, ef nauðsyn krefur, upplýsingunum sem um getur í 6. gr. b við önnur lögbær stjórnvöld aðildarríkis þeirra, annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórnina, ef slík vinnsla og skipti eru nauðsynleg til að inna af hendi verkefni vinnsluyfirvaldsins eða viðtökuyfirvaldsins samkvæmt þessari ákvörðun, einkum þegar þau verða vör við brot eða sniðgöngu, eða tilraunir til brota eða sniðgöngu, á þeim bönnum sem sett eru fram í þessari ákvörðun. Þetta ákvæði er með fyrirvara um reglur varðandi trúnað um upplýsingar í vörslu dómsyfivalda.

18) Eftirfarandi grein er bætt við:

„6. gr. b

1. Í samræmi við þá virðingu fyrir trúnaði, sem ríkir í samskiptum milli lögmanna og skjólstæðinga þeirra og tryggt er í 7. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, og, þar sem við á, með fyrirvara um reglur um trúnað varðandi upplýsingar í vörslu dómsyfivalda skulu einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir:

- a) veita lögbæru stjórnvaldi í því aðildarríki þar sem þeir eða þær hafa heimilisfesti eða eru staðsettir eða staðsettar allar upplýsingar, sem myndu greiða fyrir framkvæmd þessarar ákvörðunar, innan tveggja vikna frá því að hafa fengið þessar upplýsingar og
- b) vinna með lögbæra stjórnvaldinu að því að sannreyna þessar upplýsingar.

2. Að því er varðar 1. mgr. skal trúnaður í samskiptum milli lögmanna og skjólstæðinga þeirra taka til trúnaðar í samskiptum sem varða lögfræðiráðgjöf sem veitt er af öðrum sérfræðingum með málflutningsleyfi samkvæmt landslögum til að flytja mál fyrir skjólstæðinga sína fyrir dómstólum, að svo miklu leyti sem slík lögfræðiráðgjöf er veitt í tengslum við yfirstandandi eða væntanlega dómsmeðferð.

3. Hlutaðeigandi aðildarríki skal senda framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar sem það veitir viðtöku skv. 1. mgr. innan eins mánaðar frá viðtöku þeirra. Hlutaðeigandi aðildarríki getur sent slíkar upplýsingar á nafnlausu formi ef rannsóknar- eða dómsyfivald hefur lýst þær trúnaðarmál í tengslum við yfirstandandi rannsóknir sakamála eða dómsmeðferðir sakamála.

4. Allar viðbótarupplýsingar, sem framkvæmdastjórnin veitir viðtöku beint, skulu gerðar aðgengilegar aðildarríkjunum.

5. Allar upplýsingar, sem eru látnar í té eða veitt viðtaka samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, eru eingöngu ætlaðar til notkunar í sama tilgangi og leiddi til þess að þær voru veittar eða þeim veitt viðtaka.“

19) Viðaukunum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 29. júní 2024.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

H. LAHBIB

- ⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2012/642/SSUÖ frá 15. október 2012 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu (Stjtið. ESB L 285, 17.10.2012, bls. 1).
- ⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/356 frá 2. mars 2022 um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús (Stjtið. ESB L 67, 2.3.2022, bls. 103).
- ⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13).
- ⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 frá 9. október 2013 um tollalög Sambandsins (Stjtið. ESB L 269, 10.10.2013, bls. 1).
- ⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfæriskröfur að því er varðar lánastofnanir og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 176 27.6.2013, bls. 1).
- ⁽⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtið. ESB L 141 5.6.2015, bls. 73).
- ⁽⁷⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálageminga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtið. ESB L 173 12.6.2014, bls. 349).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/1864/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópu-sambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.

Fylgiskjal 2.42.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2024/1865

frá 29. júní 2024

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/1864 frá 29. júní 2024 um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 18. maí 2006 samþykkti ráðið reglugerð (EB) nr. 765/2006⁽²⁾.
- 2) Með reglugerð (EB) nr. 765/2006 koma til framkvæmda þær aðgerðir sem kveðið er á um í ákvörðun ráðsins 2012/642/SSUÖ⁽³⁾.
- 3) Hinn 29. júní 2024 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2024/1864.
- 4) Með ákvörðun (SSUÖ) 2024/1864 er útflutningsbann á vörur og tækni með tvíþætt notagildi og háþróaðar vörur og tækni víkkað enn frekar út og frekari útflutningstakmarkanir á vörur, sem einkum gætu stuðlað að því að efla getu Belarús á sviði iðnaðar, innleiddar.
- 5) Í því skyni að minnka hættu á sniðgöngu þvingunaraðgerða er í ákvörðun (SSUÖ) 2024/1864 enn fremur lagt bann við umflutningi á vörum og tækni með tvíþætt notagildi um yfirráðasvæði Belarús, vörum og tækni sem gætu stuðlað að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Belarús eða að þróun á sviði varnar- og öryggismála þess, vörum sem gætu einkum stuðlað að því að efla getu Belarús á sviði iðnaðar, vörum og tækni sem henta til notkunar í flug- eða geimiðnaði og vopnum sem eru flutt út frá Sambandinu.

- 6) Í ákvörðun (SSUÖ) 2024/1864 eru lögð frekari höft á útflutning til Belarús, einkum að því er varðar vörur og tækni til siglingaleiðsögu og lúxusvörur.
- 7) Í ákvörðun (SSUÖ) 2024/1864 er einnig lagt bann við beinum eða óbeinum innflutningi, kaupum eða tilflutningi á demöntum frá Belarús, sem gildir um demanta sem eiga uppruna sinn í Belarús, demanta sem eru fluttir þaðan út og demanta sem fluttir eru um Belarús. Þetta bann gildir um óunna, náttúrulega demanta og gervidemanta, auk demantsskartgripa.
- 8) Með ákvörðun (SSUÖ) 2024/1864 er bannað við innflutningi á vörum úr jarðefnum enn fremur víkkað út svo það nái yfir hráolíu og innleitt er nýtt bann við útflutningi á vörum og tækni sem henta til notkunar við olíuhreinsun og þéttingar jarðgass í vökva.
- 9) Í þessari reglugerð ætti að skýra nánar að bönnin sem tengjast olíu eru fyrst um sinn með fyrirvara um umflutning hráolíu um Belarús sem er afhent um leiðslu frá Rússlandi inn í aðildarríkin.
- 10) Í ákvörðun (SSUÖ) 2024/1864 er enn fremur lagt bann við því að veita Lýðveldinu Belarús, ríkisstjórn þess, opinberum stofnunum, fyrirtækjum eða skrifstofum eða einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir þeirra hönd eða starfar eftir fyrir mælum þeirra, tiltekna þjónustu með því að banna veitingu reikningshaldsþjónustu, endurskoðunarþjónustu, þ.m.t. lögboðna endurskoðunarþjónustu, bókhaldsþjónustu, skattaráðgjöf, viðskipta- og rekstraráðgjöf og almannatengslaþjónustu.
- 11) Samkvæmt II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 184/2005⁽⁴⁾ ná reikningshaldsþjónusta, endurskoðunarþjónusta, bókhaldsþjónusta og skattaráðgjöf yfir skráningu á verslunarviðskiptum fyrir fyrirtæki og aðra, rannsóknarþjónustu varðandi bókhald og reikningsskil, skattaáætlanir og -ráðgjöf fyrir fyrirtæki og gerð skattskýrlna. Viðskipta- og rekstraráðgjöf og almannatengslaþjónusta nær yfir ráðgjöf, leiðbeiningar og aðstoð við rekstur, sem veitt er til fyrirtækja vegna stefnu og stefnuáætlna fyrirtækja, og heildaráætlanagerð, -skipulag og -stýringu fyrirtækis eða stofnunar. Stjórnunargjöld, endurskoðun á stjórnun, ráðgjöf við markaðsstjórnun, mannauð, framleiðslustjórnun og verkefnastjórnun og ráðgjöf, leiðbeiningar og rekstrarþjónusta, sem tengjast því að bæta ímynd viðskiptavina og tengsl þeirra við almenning og aðrar stofnanir, eru einnig innifalín.
- 12) Í ákvörðun (SSUÖ) 2024/1864 er enn fremur lagt bann við því veita arkitekta- og verkfræðiþjónustu ásamt ráðgjafarþjónustu á sviði upplýsingatækni og lögfræðiráðgjöf til Belarús. Í samræmi við aðalvöruflokkunina, sem er sett fram í Statistical Office of the United Nations, Statistical Papers, Series M, No 77, CPC prov., 1991, nær „arkitekta- og verkfræðiþjónusta“ bæði yfir arkitekta- og verkfræðiþjónustu auk samræmdrar verkfræðiþjónustu, borgarskipulags- og landslagsarkitektaþjónustu og vísindalegrar og tæknilegrar ráðgjafarþjónustu sem tengist verkfræðistörfum. Veiting tækniástoðar í tengslum við vörur sem eru fluttar út til Belarús er áfram heimil, að því tilskildu að sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur slíkra vara sé ekki bannaður samkvæmt þessari reglugerð á þeim tíma þegar slík tækniástoð er veitt. Einnig í samræmi við þá aðalvöruflokkun nær „ráðgjafarþjónusta á sviði upplýsingatækni“ yfir ráðgjafarþjónustu varðandi uppsetningu tölvuvélbúnaðar, þ.m.t. aðstoð við viðskiptavini við uppsetningu tölvuvélbúnaðar, sem er efnislegur búnaður, og tölvuneta og þjónustu tengda uppsetningu hugbúnaðar, þ.m.t. alla þjónustu sem felur í sér ráðgjafarþjónustu varðandi hugbúnað, þróun hugbúnaðar og uppsetningu. Í samræmi við sömu aðalvöruflokkunina nær „lögfræðiráðgjöf“ yfir lögfræðiráðgjöf til viðskiptavina í sáttamiðlunarmálum, þ.m.t. verslunarviðskiptum sem fela í sér beitingu eða túlkun laga, þátttöku í eða fyrir hönd viðskiptavina í verslunarviðskiptum, samningaviðræðum og öðrum viðskiptum við þriðju aðila og undirbúning, framkvæmd og sannprófun á lagalegum skjölum. „Lögfræðiráðgjöf“ tekur þó ekki til málflutnings, ráðgjafar, undirbúnings skjala eða sannprófunar á skjölum í tengslum við málflutningsþjónustu, þ.e. í málum eða málsmeðferð fyrir stjórnisýslustofnunum, dómstólum eða öðrum opinberum dómstólum, sem stofnaðir hafa verið lögformlega með tilhlýðilegum hætti, eða fyrir gerðardómi eða í sáttameðferð.
- 13) Í ákvörðun (SSUÖ) 2024/1864 er einnig lagt bann við því að veita Lýðveldinu Belarús, ríkisstjórn þess, opinberum stofnunum, fyrirtækjum eða skrifstofum eða einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir þeirra hönd eða starfar eftir fyrir mælum þeirra, tiltekna þjónustu með því að banna veitingu þjónustu á sviði auglýsinga, markaðsrannsóknna og skoðanakannana, ásamt vöruprófunum og tæknilegri skoðunarþjónustu. Í samræmi við aðalvöruflokkunina, sem er sett fram í Statistical Office of the United Nations, Statistical Papers, Series M, No 77, CPC prov., 1991, nær „þjónusta á sviði markaðsrannsóknna og skoðanakannana“ yfir þjónustu á sviði markaðsrannsóknna og þjónustu tengda skoðanakönnunum. Einnig í samræmi við þá aðalvöruflokkun nær „þjónusta tengd tæknilegum prófunum og greiningu“ yfir þjónustu tengda prófunum og greiningu á samsetningu og hreinleika, þjónustu tengda tæknilegum prófunum og greiningu á edlisfræðilegum eiginleikum, þjónustu tengda tæknilegum prófunum og greiningu á samþættum aflfræði- og rafkerfum, tæknilega skoðunarþjónustu og aðra tæknilega prófunar- og greiningarþjónustu. Veiting tækniástoðar í tengslum við vörur sem eru fluttar út til Belarús er áfram heimil, að

Því tilskildu að sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur slíkra vara sé ekki bannaður samkvæmt þessari reglugerð á þeim tíma þegar slík tækniaðstoð er veitt. Í samræmi við sömu aðalvöruflokkun nær „auglýsingaþjónusta“ yfir þjónustu við sölu eða leigu á auglýsingarými eða -tíma og þjónustu er tengist því að skipuleggja, skapa og koma auglýsingum á framfæri, ásamt annarri auglýsingaþjónustu.

- 14) Í ákvörðun (SSUÖ) 2024/1864 eru einnig settar fram undanþágur, sem þarf til að setja upp, votta eða meta eldvegg sem fjarlægir yfirráð sem aðili, sem er á skrá, hefur yfir eignum rekstrareiningar í Sambandinu, sem er ekki á skrá, og sem aðilinn á skrá á eða ræður yfir, og tryggir að enginn ávinningur hljóti af fyrir þann síðarnefnda, og gerir þannig rekstrareiningunni kleift að halda áfram starfsemi sinni.
- 15) Til að tryggja samræmi við túlkun Dómstóls Evrópusambandsins í máli C-72/11 breytir ákvörðun (SSUÖ) 2024/1864 ákvæðinu sem bannar sniðgöngu til að skýra nánar að kröfurnar um þekkingu og ásetningu eru ekki aðeins uppfylltar þegar einstaklingur leitast vísitandi við að sniðganga þvingunaraðgerðir eða valda því að þær séu sniðgengnar heldur einnig þegar einstaklingi, sem tekur þátt í starfsemi sem miðar að því eða hefur þau áhrif að þvingunaraðgerðir eru sniðgengnar, er ljóst að slík þátttaka getur haft það markmið eða þau áhrif og sættir sig við þann möguleika.
- 16) Til að vekja athygli á framfylgd aðgerða þykir rétt að aðildarríki geri grein fyrir viðurlögum vegna brota á þvingunaraðgerðum.
- 17) Í samræmi við markmið sameiginlegrar stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum um að varðveita frið, styrkja alþjóðaöryggi og stuðla að alþjóðlegri samvinnu, lýðræði og réttarríkinu, og nánar tiltekið markmið ákvörðunar 2012/642/SSUÖ, þykir rétt að tryggja að skjöl í vörslu ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum („æðsta fulltrúans“) er varða framfylgd þvingunaraðgerða, sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 765/2006, eða sem varða það að koma í veg fyrir brot á þessum aðgerðum eða að þær verði sniðgengnar, falli undir þagnarskyldu og að þau njóti þeirrar verndar sem reglur, sem gilda um meginstofnanir Sambandsins, veita enda væri hægt að nota upplýsingar í þessum skjölum til að hindra framfylgd þessara aðgerða eða stofna árangri þeirra í hættu, þar eð viðkomandi aðilar og rekstrareiningar gætu reynt að koma í veg fyrir framfylgd þeirra. Einnig ætti að tryggja sömu vernd fyrir sameiginlegar tillögur æðsta fulltrúans og framkvæmdastjórnarinnar að breytingum á reglugerð (EB) nr. 765/2006 og öllum tengdum undirbúningsskjölum, þar sem birting þeirra gæti haft áhrif á skilvirkni aðgerðanna sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 765/2006, og undirbúning síðari tillagna og viðræður á grundvelli þeirra. Tilteknar ráðstafanir sem koma fram í slíkum tillögum og sem ráðið getur ekki samþykkt af ýmsum ástæðum, eru oft settar fram í síðari tillögum af æðsta fulltrúanum og framkvæmdastjórninni. Mikilvægt er að vernda þetta frumkvæðisvald gegn því að opinberir eða einkahagsmunaaðilar beiti áhrifum sínum til að reyna að þrýsta á stofnanir og þjónustustofnanir Sambandsins, utan skipulagðs samráðs, til að leggja fram tillögu að breytingu, samþykkja, breyta eða koma sér saman um breytingu. Birting þeirra gæti leitt til þess að hugsanlegar nýjar aðgerðir verði óskilvirkar vegna þess að fyrirhuguð samþykkt þeirra hefði þegar verið opinberuð. Því má gera ráð fyrir því að birting slíkra skjala myndi skaða öryggi Sambandsins eða eins eða fleiri af aðildarríkjum þess eða alþjóðatengsl þeirra.
- 18) Með ákvörðun (SSUÖ) 2024/1864 er enn fremur innleitt bann við innflutningi á vörum sem gera það mögulegt fyrir Belarús að auka fjölbreytni tekjulinda sinna og gera því þar með kleift að taka þátt í árásum Rússa gegn Úkraínu. Kol og aðrar vörur sæta einnig þessu banni.
- 19) Auk þess heimilar ákvörðun (SSUÖ) 2024/1864 aðildarríkjum að leyfa að inn í Sambandið komi persónulegir munir sem ekki eru verulegt áhyggjuefni að því er varðar sniðgöngu, s.s. persónulegar hreinlætisvörur eða föt sem ferðamenn klæðast eða hafa í farangri sínum og sem greinilega eru eingöngu ætluð til persónulegra nota þeirra eða aðstandenda þeirra. Í henni er einnig kveðið á um undanþágur sem heimila komu bifreiða inn í Sambandið við tilteknar aðstæður. Aðildarríkin mega setja reglur um stöðu bifreiða frá Belarús sem þegar eru á yfirráðasvæði Sambandsins.
- 20) Í ákvörðun (SSUÖ) 2024/1864 er lagt bann við beinum eða óbeinum innflutningi, kaupum eða tilflutningi á gulli. Bann þetta gildir um gull sem er upprunnið í Belarús og flutt þaðan út eftir gildistöku þessarar reglugerðar.
- 21) Með ákvörðun (SSUÖ) 2024/1864 eru innleiddar frekari þvingunaraðgerðir í ýmsum geirum, einkum orkugeiranum og flugeiranum.
- 22) Til að tryggja rétta framkvæmd ráðstafananna sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 765/2006 þykir rétt að rýmka undanþágur frá banni við vöruflytningum af hálfu flutningafyrirtækja á vegum með staðfestu í Belarús til allra sendi- og ræðisskrifstofa í Belarús. Með ákvörðun (SSUÖ) 2024/1864 er bannið við vöruflytningum á vegum í Sambandinu með eftirvögnum og festivögnum sem skráðir eru í Belarús einnig víkkað út, þ.m.t. þegar þeir eru dregnir af vörubifreiðum sem skráðar eru utan Belarús. Til að lágmarka hættu á sniðgöngu er banninu við vöruflytningum á vegum innan yfirráðasvæðis Sambandsins, þ.m.t. í

- gegnumflutningi, í ákvörðun 2012/642/SSUÖ breytt með ákvörðun (SSUÖ) 2024/1864. Banna ætti rekstrar- aðilum í Sambandinu, sem eru 25% eða meira í eigu einstaklings eða lögaðila Belarús, að gerast flutningafyrirtæki á vegum eða flytja vörur á vegum í Sambandinu, þ.m.t. með gegnumflutningi. Bannið gildir ekki um flutningafyrirtæki á vegum í eigu ríkisborgara með tvöfalt ríkisfang eða ríkisborgara Belarús sem hafa tímabundið dvalarleyfi eða búsetuleyfi í aðildarríki. Flutningafyrirtæki á vegum ættu að upplýsa lögbær landsbundin stjórnvöld um skipulag eignarhalds síns, óski þau eftir því.
- 23) Með ákvörðun (SSUÖ) 2024/1864 er einnig innleidd frekari viðmiðun fyrir skráningu einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem sæta frystingu eigna og banninu við að gera fjármuni og efnahagslegan auð aðgengilegan tilgreindum aðilum og rekstrareiningum.
 - 24) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin ættu að miðla upplýsingum hvert til annars um þær aðgerðir sem gripið er til samkvæmt þessari reglugerð og um hvers kyns aðrar upplýsingar sem máli skipta og þau búa yfir í tengslum við þessa reglugerð.
 - 25) Til að greiða fyrir fjárlosun rekstraraðila í Sambandinu á markaði Belarús eru með ákvörðun (SSUÖ) 2024/1864 innleiddar tímabundnar undanþágur frá inn- og útflutningsbönnum vara og tiltekinnar þjónustu sem sett er fram í reglugerð (EB) nr. 765/2006. Til að greiða fyrir skjótri útgöngu af markaði Belarús eru þessar undanþágur tímabundnar og með takmarkað gildissvið. Undanþágan frá þessum inn- og útflutningsbönnum varðandi fjárlosun ætti að gera kleift að selja, afhenda eða tilfæra tilteknar vörur, eða flytja þær inn í Sambandið, til 2. janúar 2025 og ætti aðeins að gilda um þær vörur sem voru þegar staðsettar í Belarús á þeim tíma þegar viðkomandi bönn öðluðust gildi. Fjárlosunarundanþágan varðandi veitingu tiltekinnar þjónustu ætti til og með 2. janúar 2025 að gera það kleift að halda áfram að veita þjónustu til lögaðila, rekstrareininga eða stofnana, sem verða til við fjárlosun, og koma einungis þeim til góða. Auk þess ættu lögbær innlend stjórnvöld að sjá til þess að bannaðar vörur, sem verða eftir í Belarús vegna fjárlosunar, komi ekki endanlegum notendum á sviði hernaðar til góða eða verði notaðar til hernaðar og að þjónusta verði ekki veitt ríkisstjórn Belarús eða komi endanlegum notendum á sviði hernaðar til góða eða verði notuð til hernaðar.
 - 26) Til að tryggja réttaröryggi að því er varðar meðhöndlun innflutnings er í ákvörðun (SSUÖ) 2024/1864 kveðið á um reglur um afhendingu tollyfirvalda aðildarríkjanna á vörum sem eru staðsettar í Sambandinu og sem höfðu þegar verið lagðar fram til tollyfirvalda þegar þær féllu undir þvingunaraðgerðir. Möguleikinn á að fá vörur afhentar gildir óháð þeim málsmeðferðarreglum sem vörurnar voru færðar undir eftir að þær voru lagðar fram til tollyfirvalda, m.a. með umflutningi, innri aðvinnslu eða afgreiðslu í frjálst flæði, eða þeim þrepum og formsatriðum í málsmeðferðinni sem nauðsynleg eru fyrir slíka afhendingu samkvæmt tollalögum Sambandsins. Í ákvörðun (SSUÖ) 2024/1864 er aðildarríkjum einnig heimilað að afhenda vörur sem þegar hafa verið fluttar inn í Sambandið. Þessi heimild er nauðsynleg í þágu þeirra rekstraraðila í Sambandinu sem fluttu þessar vörur inn í Sambandið í góðri trú á tíma þegar þær féllu ekki enn undir þvingunaraðgerðir í tengslum við innflutning, þ.m.t. þegar innflutningur þeirra var enn heimilaður á slita-tímabili. Lögbær stjórnvöld aðildarríkja ættu að tryggja að afhending þessara vara og greiðslur í tengslum við þær fari að ákvæðum og markmiðum þvingunaraðgerða Sambandsins. Með sama hætti ættu ákvarðanir um að heimila ekki afhendingu slíkra vara að fara að markmiðum þessara aðgerða og m.a. tryggja að vörurnar séu ekki sendar aftur til Belarús.
 - 27) Í ákvörðun (SSUÖ) 2024/1864 er þess einnig krafist að útflytjendur banni samkvæmt samningi endur-útflytning til Belarús eða endurútflytning til nota þar í landi á viðkvæmum vörum og tækni sem eru á skrá í XVI., XVII., XXVIII. og XXX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 765/2006, almennum vörum með mikinn forgang (e. common high priority items) eða skotvopnum og skotfærum sem skráð eru í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 258/2012⁽⁵⁾ („ákvæði um útilokun Belarús“) (e. „no-Belarus clause“).
 - 28) Framkvæmdastjórnin mun meta þau áhrif sem gildistaka skuldbindingar um að nota „ákvæði um útilokun Belarús“ hefur á það að koma í veg fyrir sniðgöngu. Hún mun einnig leggja mjög nákvæmt mat á gögn um viðskipti, hagskýrslur um útflytning og aðrar upplýsingar er varða sniðgöngumynstur fyrir þessar vörur, þ.m.t. hvaða hlutverki dótturfyrirtæki rekstraraðila í Sambandinu í þriðju löndum geta gegnt í slíkum mynstrum. Á grundvelli þess mun framkvæmdastjórnin meta hvort „ákvæðið um útilokun Belarús“ henti miðað við tilganginn og íhuga hvers konar aðrar viðeigandi aðgerðir til að skerða aðgang Belarús að viðkvæmum vörum sem gætu verið sendar áfram út til Rússlands og þannig gert hinu síðarnefnda kleift að halda áfram stríði sínu í Úkraínu, þ.m.t. möguleikann á að krefjast þess að rekstraraðilar í Sambandinu tryggi að dótturfélög þeirra í þriðju löndum noti einnig „ákvæðið um útilokun Belarús.“
 - 29) Til að berjast gegn endurútflytningi á almennum vörum með mikinn forgang, eins og skráð er í XXX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 765/2006, sem fundist hafa á vígvellinum í Úkraínu eða eru nauðsynleg fyrir

þróun, framleiðslu eða notkun rússneskra hergagna, er þess krafist í ákvörðun (SSUÖ) 2024/1864 að rekstraraðilar í Sambandinu, sem selja, afhenda, tilfæra eða flytja út almennar vörur með mikinn forgang til þriðju landa, annarra en landanna sem skráð eru í V. viðauka þá við reglugerð (EB) nr. 765/2006, framkvæmi áreiðanleikakönnun sem getur greint og metið áhættu við útflutning til Belarús og dregið úr slíkri áhættu. Enn fremur er þess krafist í ákvörðun (SSUÖ) 2024/1864 að rekstraraðilar í Sambandinu sjái til þess að lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir með staðfestu utan Sambandsins, sem þeir eiga eða hafa yfirlit yfir, komi þessum kröfum einnig til framkvæmda.

- 30) Ef þess er krafist í reglugerð (EB) nr. 765/2006 að rekstraraðilar í Sambandinu sjái til þess að lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir með staðfestu utan Sambandsins, sem þeir eiga eða hafa yfirlit yfir, framkvæmi tiltekna aðgerðir til að koma í veg fyrir útflutning eða endurútflutning á vörum eða tækni til Belarús ætti að framfylgja slíkum kröfum að því marki sem heimilt er samkvæmt löggjöf þriðja landsins þar sem viðkomandi lögaðili, rekstrareining eða stofnun hefur staðfestu.
- 31) Til að tryggja rétta framkvæmd aðgerðanna sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 765/2006 er nauðsynlegt að breyta skránni yfir vélbúnað, sem sett er fram í XIV. viðauka við þá reglugerð.
- 32) Rétt þykir að innleiða ákvæði sem gerir ríkisborgurum og fyrirtækjum aðildarríkja kleift að sækja bætur frá einstaklingum og rekstrareiningum frá Belarús sem hafa valdið þeim tjóni. Það tekur til tjóns á fyrirtækjum sem þeir eiga eða eru undir stjórn þeirra, í tengslum við samning eða viðskipti sem hafa orðið fyrir áhrifum af ráðstöfununum sem gripið er til samkvæmt reglugerð (EB) nr. 765/2006, að því tilskildu að viðkomandi ríkisborgari eða fyrirtæki aðildarríkis hafi ekki greiðan aðgang að úrræðum, t.d. samkvæmt viðkomandi tvíhliða fjárfestingarsamningi. Bætur má sækja fyrir dómstólum aðildarríkis í samræmi við viðeigandi ákvæði laga Sambandsins og aðildarríkisins sem varða lögsögu og meðferð fyrir dómstólum í einkamálum og viðskiptamálum, þ.m.t. þau sem varða mögulegar bráðabirgðaaðgerðir.
- 33) Rétt þykir að gera þá kröfu að rekstraraðilar í Sambandinu geri sitt ytrasta til að tryggja að lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir með staðfestu utan Sambandsins, sem þeir eiga eða ráða yfir, taki ekki þátt í starfsemi sem grefur undan þvingunaraðgerðum sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 765/2006. Til slíkrar starfsemi telst starfsemi sem hefur þau áhrif sem reynt er að koma í veg fyrir með þessum þvingunaraðgerðum, t.d. að viðtakandi í Belarús fái vörur, tækni, fjármögnun eða þjónustu af tegund sem fellur undir bönn samkvæmt reglugerð (EB) nr. 765/2006.
- 34) Leggja ætti þann skilning í bestu viðleitni að hún taki til allra viðeigandi og nauðsynlegra aðgerða til að ná fram árangri sem kemur í veg fyrir að grafið verði undan þvingunaraðgerðunum í reglugerð (EB) nr. 765/2006. Aðgerðirnar geta t.d. falið í sér innleiðingu viðeigandi stefna, stjórnækja og verklagsreglna til að draga úr og stýra áhættu á skilvirkan hátt, að teknu tilliti til þátta á borð við þriðja landið þar sem fyrirtækið hefur staðfestu, atvinnugrein og tegund starfsemi lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem rekstraraðili í Sambandinu á eða hefur undir sínum yfirlitum. Jafnframt ber að skilja bestu viðleitni svo að hún taki einungis til aðgerða sem eru framkvæmanlegar fyrir rekstraraðilann í Sambandinu í ljósi eðlis hans, umfangs og viðeigandi raunverulegra aðstæðna, einkum þess hversu mikil yfirlit hann hefur yfir lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins. Slíkar aðstæður taka til aðstæðna þar sem rekstraraðili í Sambandinu getur, af ástæðum sem hann sjálfur kom ekki að, s.s. löggjöf þriðja lands, ekki farið með yfirlit yfir lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem hann á sjálfur.
- 35) Ef einstaklingur eða lögaðili tilkynnir sjálfviljugur, að öllu leyti og tímanlega um brot á þvingunaraðgerðunum ættu lögbær innlend stjórnvöld að geta tekið tilhlýðilegt tillit til þeirrar sjálfstilkynningar við beitingu viðurlaga, eins og við á, í samræmi við landsbundin stjórnvaldslög eða önnur viðeigandi landslög eða reglur. Þær ráðstafanir sem aðildarríkin grípa til samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1226⁽⁶⁾ og þær kröfur sem þar eru settar fram varðandi mildandi aðstæður, gilda.
- 36) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 765/2006 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Reglugerð (EB) nr. 765/2006 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:
 - a) Í stað 25. liðar kemur eftirfarandi:

„25. „flutningafyrirtæki á vegum“: einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða aðili sem stundar vöruflutninga með vélknúnum ökutækjum eða samtengdum ökutækjum í viðskiptalegum tilgangi,“
 - b) Eftirfarandi liðum er bætt við:

„26. „lögbær stjórnvöld“: lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna eins og þau eru tilgreind á vefsetrunum sem eru á skrá í II. viðauka,

27. „orkugeiri“: geiri sem nær yfir eftirfarandi starfsemi, að undanskilinni starfsemi sem tengist kjarnorku til borgaralegra nota:

- i) leit, framleiðsla, dreifing innan Belarús eða vinnsla á hráolíu, jarðgasi eða jarðefnaeldsneyti í föstu formi, hreinsun á eldsneyti, þétting jarðgass eða endurgösun,
- ii. framleiðsla eða dreifing innan Belarús á jarðefnaeldsneyti í föstu formi, hreinsuðum olíuvörum eða gasi, eða
- iii. bygging starfsstöðva eða uppsetning búnaðar eða veiting þjónustu, búnaðar eða tækni fyrir starfsemi í tengslum við orkuframleiðslu eða rafmagnsframleiðslu.“

2) Í stað a-liðar 1. gr. b kemur eftirfarandi:

„a) að veita, með beinum eða óbeinum hætti, tækniástoð og miðlunarþjónustu sem tengist vörum og tækni á sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins⁽⁷⁾ („sameiginlegi hergagnalistinn“), eða sem tengjast því að útvega, framleiða, viðhalda og nota vörur á þeim lista, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi,

3) Ákvæðum 1. gr. ba er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„1a Lagt er bann við umflutningi um yfirráðasvæði Belarús á skotvopnum, hlutum þeirra og nauðsynlegum íhlutum og skotfærum, eins og um getur í 1. mgr., sem eru flutt út frá Sambandinu.“

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Lagt er bann við því að:

- a) veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum sem um getur í 1. mgr. og við því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi,
- b) veita fjármögnun eða fjárhagsástoð, sem tengist vörum sem um getur í 1. mgr., vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings þessara vara eða sem tengist því að veita tengda tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Belarús eða til notkunar þar í landi eða
- c) selja, veita leyfi fyrir eða framselja með öðrum hætti hugverkarétt eða viðskiptaleyndarmál, sem og að veita rétt til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi.“

4) Eftirfarandi grein er bætt við:

„1. gr. bb

1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á vörum sem einkum gætu stuðlað að því að efla getu Belarús á sviði iðnaðar, hvort sem þær eru upprunnar í Sambandinu eða ekki, sem eru á skrá í XVIII. viðauka, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Belarús eða til notkunar þar í landi.

2. Lagt er bann við umflutningi um yfirráðasvæði Belarús á vörum og tækni sem eru á skrá í XIX. viðauka og eru fluttar út frá Sambandinu.

3. Lagt er bann við því að:

- a) veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., og við því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi,
- b) að veita fjármögnun eða fjárhagsástoð, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings þessara vara og tækni eða sem tengist veitingu tengdrar tækniástoðar, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi eða

- c) selja, veita leyfi fyrir eða framselja með öðrum hætti hugverkarétt eða viðskiptaleyndarmál, sem og að veita rétt til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi.
4. Bönnin í 1. og 3. mgr. skulu ekki gilda fyrir en 2. október 2024 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 1. júlí 2024 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna framkvæmdar slíkra samninga.
5. Að því er varðar vörur sem falla undir SN-númer 2602 gilda bönnin í 1. og 3. mgr. ekki fyrir en 2. ágúst 2024 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 1. júlí 2024 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.
6. Að því er varðar vörur sem falla undir SN-númer 8708 99 gilda bönnin í 1. og 3. mgr. ekki fyrir en 2. janúar 2025 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 1. júlí 2024 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna framkvæmdar slíkra samninga.
7. Bönnin sem um getur í 1. og 3. mgr. gilda ekki um vörur sem eru nauðsynlegar í opinberum tilgangi sendi- eða ræðisskrifstofa aðildarríkjanna eða samstarfslanda í Belarús eða alþjóðastofnana sem njóta friðhelgi að þjóðarétti, eða um persónulegar eigur starfsfólks þeirra.
8. Lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna geta heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni sem eru á skrá í XVIII. viðauka eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar eftir að hafa gengið úr skugga um að slíkar vörur eða tækni eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar sé nauðsynleg:
- a) vegna lækninga eða lyfja eða í mannúðarskyni, s.s. til að veita, eða greiða fyrir því að veitt sé, aðstoð, þ.m.t. sjúkragögn, matvæli eða flutningur starfsmanna hjálparstofnana og tengd aðstoð, eða vegna brottflutnings,
 - b) til einkanota og undir fullu eftirliti aðildarríkisins sem veitir heimildina og til að uppfylla viðhaldsskyldur sínar á svæðum sem falla undir langtímaleigusamning milli þess aðildarríkis og Belarús eða
 - c) til að koma á fót kjarnorkugetu til borgaralegra nota, til reksturs hennar, viðhalds, eldsneytis- afhendingar og -endurmeðhöndlunar og öryggis hennar, og til að halda áfram hönnun, byggingu og gangsetningu sem þarf til að ljúka við kjarnorkustöðvar til borgaralegra nota, til afhendingar forefna til framleiðslu á geislavirkum samsætum til lækninga og svipaðrar læknisfræðilegrar notkunar, eða mikilvægrar tækni til vöktunar á geislun í umhverfinu, sem og til samstarfs um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar.
9. Lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna geta heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara sem falla undir SN-númer 8417 20 eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar sé nauðsynleg til persónulegra heimilisnota einstaklinga.
10. Þrátt fyrir 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað umflutning um yfirráðasvæði Belarús á vörum og tækni sem einkum gætu stuðlað að því að efla getu Belarús á sviði iðnaðar, sem eru á skrá í XIX. viðauka, eftir að hafa ákvarðað að nota eigi að slíkar vörur eða tækni í þeim tilgangi sem settur er fram í 8. mgr.
11. Bönnin í 1., 2. og 3. mgr. gilda ekki um sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni sem um getur í 1. mgr. eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, til annarra nota en hernaðarlegra nota eða til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu, vegna neyðarástands í heilbrigðismálum, til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum.
12. Þrátt fyrir 1. og 3. mgr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni sem falla undir SN-númer 3917, 8523 og 8536, eins og skráð er í XVIII. viðauka, eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar eftir að hafa ákvarðað að þessar vörur eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar sé nauðsynleg vegna viðhalds eða viðgerðar á lækningatækjum.
13. Lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna geta heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á eftirfarandi vörum eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar sé nauðsynleg til persónulegra heimilisnota einstaklinga í Belarús:
- a) vörum sem falla undir SN-númer 8417 20,

- b) rörum, pípum og píputengi úr kopar sem falla undir SN-númer 7411 eða 7412 og eru allt að 50 mm að innanmáli.

14. Lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna geta heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara sem falla undir SN-númer 3917 10 eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur séu seldar, afhentar, fluttar til eða fluttar út eingöngu fyrir matvælaframleiðslu til manneldis í Belarús.

15. Við afgreiðslu beiðna um heimildir í þeim tilgangi sem um getur í 8., 9., 10., 12., 13. og 14. mgr. skulu lögbær stjórnvöld ekki veita heimild til útflutnings til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi ef þau hafa réttmæta ástæðu til að ætla að vörurnar séu til hernaðarnota.

16. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 8., 9., 10., 12., 13. og 14. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

5) Ákvæðum 1. gr. e er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„1a Lagt er bann við umflutningi um yfirráðasvæði Belarús á vörum og tækni með tvíþætt notagildi, eins og um getur í 1. mgr., sem er flutt út frá Sambandinu.“

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Lagt er bann við því að:

- a) veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., og við því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi,
- b) að veita fjármögnun eða fjárhagsástoð, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings þessara vara og tækni eða sem tengist veitingu tengdrar tækniástoðar, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi eða
- c) selja, veita leyfi fyrir eða framselja með öðrum hætti hugverkarétt eða viðskiptaleyndarmál, sem og að veita rétt til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi.“

c) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„3a Með fyrirvara um kröfur vegna heimilda í reglugerð (ESB) 2021/821 gildir bannið í 1. mgr. a í þessari grein ekki um umflutning um yfirráðasvæði Belarús á vörum og tækni með tvíþætt notagildi sem nota á í þeim tilgangi sem fram kemur í a- til e-lið 3. mgr. þessarar greinar.“

d) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„4a Þrátt fyrir 1. mgr. a og með fyrirvara um kröfur vegna heimilda í reglugerð (ESB) 2021/821 geta lögbær stjórnvöld heimilað umflutning um yfirráðasvæði Belarús á vörum og tækni með tvíþætt notagildi þegar gengið hefur verið úr skugga um að nota eigi slíkar vörur eða tækni í þeim tilgangi sem fram kemur í b-, c, d- og h-lið 4. mgr. þessarar greinar.“

6) Ákvæðum 1. gr. f er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„1a Lagt er bann við umflutningi um yfirráðasvæði Belarús á vörum og tækni sem kunna að stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Belarús eða þróun þess á sviði varnar- og öryggismála, sbr. skrá í V. viðauka a, sem eru fluttar út frá Sambandinu.“

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Lagt er bann við því að:

- a) veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., og við því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða

- óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi,
- b) að veita fjármögnun eða fjárhagsaðstoð, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings þessara vara og tækni eða sem tengist veitingu tengdrar tækniástoðar, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi eða
 - c) selja, veita leyfi fyrir eða framselja með öðrum hætti hugverkarétt eða viðskiptaleyndarmál, sem og að veita rétt til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi.“
- c) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:
- „3a Bannið í 1. mgr. a gildir ekki um umflutning um yferráðasvæði Belarús á vörum og tækni sem kunna að stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Belarús eða þróun þess á sviði varnar- og öryggismála, sbr. skrá í V. viðauka a, sem ætlaðar eru til þeirra nota sem um getur í a- til e-lið 3. mgr.“
- d) Ákvæðum 4. mgr. er breytt sem hér segir:
- i. Í stað g-liðar kemur eftirfarandi:

„g) ætlaðar sendiskrifstofum Sambandsins, aðildarríkja og samstarfslanda, þ.m.t. sendinefndum, sendiráðum og fastanefndum,“
 - ii. Í stað h-liðar kemur eftirfarandi:

„h) til að tryggja netöryggi og upplýsingaöryggi fyrir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir í Belarús, þó ekki fyrir stjórnvöld og fyrirtæki sem eru með beinum eða óbeinum hætti undir yferráðum þeirra stjórnvalda, eða“
 - iii. Eftirfarandi lið er bætt við:

„i) ætlaðar til einkanota og undir fullu eftirliti aðildarríkisins sem veitir heimildina og til að uppfylla viðhaldsskyldur sínar á svæðum sem falla undir langtímaleigusamning milli þess aðildarríkis og Belarús.“
- e) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:
- „4b. Þrátt fyrir 1. mgr. a geta lögbær stjórnvöld heimilað umflutning um yferráðasvæði Belarús á vörum og tækni, sem kunna að stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Belarús eða að þróun þess á sviði varnar- og öryggismála, sbr. skrá í V. viðauka a, eftir að hafa ákvarðað að nota eigi slíkar vörur eða tækni í þeim tilgangi sem settur er fram í b-, c-, d- og h-lið 4. mgr.“
- 7) Í stað 1. mgr. 1. gr. fa kemur eftirfarandi:
- „1. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 1. gr. e og 1. og 2. mgr. 1. gr. f og með fyrirvara um kröfurnar um heimildir í reglugerð (ESB) 2021/821 geta lögbær stjórnvöld einungis heimilað, að því er varðar einstaklingana, lögaðilana, rekstrareiningarnar eða stofnanirnar sem eru á skrá í V. viðauka a, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni með tvíþætt notagildi og vara og tækni sem um getur í V. viðauka a, eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsástoðar, eftir að þau hafa ákvarðað að slíkar vörur eða tækni eða tengd tækni- eða fjárhagsástoð sé:
- a) nauðsynlegt til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða
 - b) nauðsynlegt vegna framkvæmdar samninga sem gerðir voru fyrir 3. mars 2022, eða fylgisamninga sem eru nauðsynlegir fyrir efndir þess háttar samnings, að því tilskildu að farið sé fram á slíka heimild fyrir 1. maí 2022.“
- 8) Í stað 2. mgr. 1. gr. fb kemur eftirfarandi:
- „2. Allar heimildir sem um getur í 1 gr. e, 1.gr. f og 1. gr. fa skulu gefnar út með rafrænum hætti, þegar unnt er, á eyðublöðum sem að lágmarki innihalda alla þættina og í þeirri röð sem kveðið er á um í fyrirmyndunum sem settar eru fram í V. viðauka a.“
- 9) Ákvæðum 1. gr. fc er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Lögbær stjórnvöld skulu skiptast á upplýsingum um beitingu 1. gr. e, 1. gr. f og 1. gr. fa við önnur aðildarríki og framkvæmdastjórnina, þ.m.t. um veittar heimildir eða synjanir og, ef um er að ræða grun um að verið sé að leita að hentugu varnarþingi eða í öðrum tilvikum, ef við á, um beiðnir um heimildir sem hafa borist.

Lögbær stjórnvöld skulu skiptast á upplýsingum um framfylgd 1. gr. e, 1. gr. f og 1. gr. fa við önnur aðildarríki og framkvæmdastjórnina, þ.m.t. um tengd brot og viðurlög, sem og bestu starfsvenjur landsbundinna fullnustuyfirvalda og um að koma upp um og saksækja fyrir óleyfilegan útflutning. Upplýsinga-skiptin skulu fara fram með notkun rafræna kerfisins sem kveðið er á um í 6. mgr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2021/821.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„3a Veiti aðildarríki heimild í samræmi við 1. gr. e (d-lið 4. mgr.), 1. gr. f (d-lið 4. mgr.) eða 1. gr. fd (4. mgr.) fyrir sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi vara og tækni sem ætlaðar eru til siglingaöryggis, skal það tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um það innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

10) Eftirfarandi grein er bætt við:

„1. gr. fd

1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á vörum og tækni til siglingaleiðsögu, sem skráð eru í XXIV. viðauka, hvort sem þær eru upprunnar í Sambandinu eða ekki, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Belarús eða til notkunar þar í landi.

2. Lagt er bann við því að:

- a) veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., og við því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi,
- b) að veita fjármögnun eða fjárhagsástoð, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings þessara vara og tækni eða sem tengist veitingu tengdrar tækniástoðar, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi eða
- c) selja, veita leyfi fyrir eða framselja með öðrum hætti hugverkarétt eða viðskiptaleyndarmál, sem og að veita rétt til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi.

3. Bönnin í 1. og 2. mgr. gilda ekki um sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni sem um getur í 1. mgr. eða veitingu tengdrar tækni- og fjárhagsástoðar, til annarra nota en hernaðarlegra nota eða til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu, í mannúðarskyni, vegna neyðarástands í heilbrigðismálum, til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum.“

11) Eftirfarandi greinum er bætt við:

„1. gr. ga

1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á munaðarvörum, hvort sem þær eru upprunnar í Sambandinu eða ekki, sem skráðar eru í XXV. viðauka til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Belarús eða til notkunar þar í landi.

2. Lagt er bann við því að:

- a) veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum sem um getur í 1. mgr. og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi,
- b) veita fjármögnun eða fjárhagsástoð, sem tengist vörum sem um getur í 1. mgr., vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings þessara vara eða sem tengist því að veita tengda tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Belarús eða til notkunar þar í landi eða

- c) selja, veita leyfi fyrir eða framselja með öðrum hætti hugverkarétt eða viðskiptaleyndarmál, sem og að veita rétt til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast vörum sem um getur í 1. mgr. og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi.
3. Bannið sem um getur í 1. og 2. mgr. gildir um munaðarvörur sem eru á skrá í XXV. viðauka, að því marki sem virði þeirra fer yfir 300 evrur á hlut, nema annað sé tekið fram í viðaukanum.
4. Bannið sem um getur í 1. mgr. gildir ekki um vörur sem eru nauðsynlegar í opinberum tilgangi sendi- eða ræðisskrifstofa aðildarríkjanna eða samstarfslanda í Belarús eða alþjóðastofnana sem njóta friðhelgi að þjóðarétti eða um persónulegar eigur starfsfólks þeirra.
5. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um vörur, sem falla undir SN-númer 7113 00 00 og 7114 00 00, sem skráð eru í XXV. viðauka, til einkanota fyrir einstaklinga sem ferðast frá Sambandinu eða nánustu aðstandendur þeirra sem ferðast með þeim, sem eru í eigu þessara einstaklinga og ekki ætlaðar til sölu.
6. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað tilflutning eða útflutning til Belarús á menningarverðmætum sem eru í láni innan ramma formlegs menningarsamstarfs við Belarús.
7. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 6. mgr. innan 2 vikna frá því að hún er veitt.

1. gr. gb

1. Lagt er bann við því að:
- a) eignast hlut eða auka hlutdeild sína í lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum Belarús eða lögum þriðja lands og starfar í orkugeiranum í Belarús,
 - b) veita eða eiga þátt í fyrirkomulagi við að veita nýtt lán eða láta á annan hátt í té fjármögnun, þ.m.t. eigið fé, til lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum Belarús eða lögum þriðja lands og starfar í orkugeiranum í Belarús, eða í þeim skráða tilgangi að fjármagna slíkan lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun,
 - c) stofna nýtt fyrirtæki um sameiginlegt verkefni með lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum Belarús eða lögum þriðja lands og starfar í orkugeiranum í Belarús eða
 - d) láta í té fjárfestingarþjónustu sem tengist beint þeirri starfsemi sem um getur í a-, b- og c-lið.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, hverja þá starfsemi sem um getur í 1. mgr., eftir að hafa ákvarðað:
- a) að það sé nauðsynlegt til að tryggja mikilvægar orkubirgðir innan Sambandsins, sem og flutning á jarðgasi og olíu, þ.m.t. hreinsuðum olíuvörum, nema það sé bannað skv. 1. gr. h, frá eða í gegnum Belarús inn í Sambandið eða
 - b) að hún varði einungis lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem starfar í orkugeiranum í Belarús og sem er í eigu lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis.
3. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 2. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.

1. gr. gc

1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á vörum og tækni sem ætlaðar eru til notkunar við olíuhreinsun og þéttingu jarðgass, sem eru á skrá í XX. viðauka, hvort sem þær eru upprunnar í Sambandinu eða ekki, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Belarús eða til notkunar þar í landi.
2. Lagt er bann við því að:
- a) veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., og við því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi,
 - b) að veita fjármögnun eða fjárhagsástoð, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings þessara vara og tækni eða sem tengist veitingu tengdrar

tækniaðstoðar, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til handa aðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi eða

- c) selja, veita leyfi fyrir eða framselja með öðrum hætti hugverkarétt eða viðskiptaleyndarmál, sem og að veita rétt til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi.

3. Bönningin í 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda fyrir en 2. október 2024 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 1. júlí 2024 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna framkvæmdar slíkra samninga.

4. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni sem skráð eru í XX. viðauka eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur eða tækni eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar sé nauðsynleg til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið.

Í tilhlýðilega rökstuddum, brýnum tilvikum má sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur fara fram án fyrirframheimildar, að því tilskildu að útflytjandi tilkynni lögbæru stjórnvaldi um það innan fimm virkra daga frá því að salan, afhendingin, tilflutningurinn eða útflutningurinn fór fram og láti í té ítarlegar upplýsingar um viðkomandi ástæðu fyrir sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi án fyrirframheimildar.

5. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 4. mgr. innan 2 vikna frá því að hún er veitt.“

12) Í stað 1. gr. h kemur eftirfarandi:

„1. gr. h

1. Lagt er bann við kaupum, innflutningi eða tilflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á vörum úr jarðefnum, sem skráðar eru í VII. viðauka, og hráolíu, sem skráðar eru í XXIII. viðauka, ef þær eru upprunnar í Belarús eða fluttar þaðan út.

2. Lagt er bann við því að veita, með beinum eða óbeinum hætti, tækniaðstoð, miðlunarþjónustu, fjármagn eða fjárhagsaðstoð eða aðra þjónustu sem tengjast banninu er um getur í 1. mgr.

3. Bönningin í 1. mgr. gilda ekki um kaup í Belarús á vörum úr jarðefnum, sem eru á skrá í VII. viðauka, sem þörf er á til að uppfylla nauðsynlegar þarfir kaupandans í Belarús eða mannúðarverkefna þar í landi.

4. Bönningin í 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda um hráolíu, eins og skráð er í XXIII. viðauka, fyrir en 2. október 2024 að því er varðar stök viðskipti um afhendingu í náinni framtíð, sem eru gerð og framkvæmd fyrir þann dag, eða efndir samninga um kaup, innflutning eða tilflutning á hráolíu, eins og skráð er í XXIII. viðauka, sem eru gerðir fyrir 1. júlí 2024, eða um fylgisamninga, sem eru nauðsynlegir fyrir efndir slíkra samninga, að því tilskildu að viðkomandi aðildarríki hafi tilkynnt framkvæmdastjórninni um þessa samninga eigi síðar en 23. júlí 2024 og að viðkomandi aðildarríki tilkynni framkvæmdastjórninni um þessi stöku viðskipti um afhendingu í náinni framtíð innan 10 daga frá því að þeim lýkur.

5. Bönningin í 1. og 2. mgr. þessarar greinar hafa ekki áhrif á umflutning um Belarús á hráolíu sem fellur undir SN-númer 2709 00 og sem er afhent með leiðslu frá Rússlandi inn í aðildarríkin, þangað til að ráðið ákveður að bönnin í 1. og 2. mgr. 3. gr. m í reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014⁽⁸⁾ gildi um hráolíu sem er afhent með leiðslu frá Rússlandi.

13) Eftirfarandi grein er bætt við:

„1. gr. jc

1. Lagt er bann við því að veita, með beinum eða óbeinum hætti, reikningshaldsþjónustu, endurskoðunarþjónustu, þ.m.t. lögboðna endurskoðunarþjónustu, bókhaldsþjónustu eða skattaráðgjöf, viðskipta- og rekstraráðgjöf eða almannatengslaþjónustu:

- a) Lýðveldinu Belarús, stjórn þess, opinberum stofnunum, fyrirtækjum eða skrifstofu eða
b) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum Lýðveldisins Belarús, stjórnar þess, opinberra stofnana, fyrirtækja eða skrifstofa.

2. Lagt er bann við því að veita, beint eða óbeint, arkitekta- og verkfræðiþjónustu, lögfræðiráðgjöf og ráðgjafarþjónustu á sviði upplýsingatækni:

- a) Lýðveldinu Belarús, stjórn þess, opinberum stofnunum, fyrirtækjum eða skrifstofu eða

- b) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrir-
mælum Lýðveldisins Belarús, stjórnar þess, opinberra stofnana, fyrirtækja eða skrifstofa.
3. Lagt er bann við því að veita, beint eða óbeint, þjónustu á sviði markaðsrannsókna og skoðanakannana,
þjónustu tengda tæknilegum prófunum og greiningu og auglýsingaþjónustu:
- a) Lýðveldinu Belarús, stjórn þess, opinberum stofnunum, fyrirtækjum eða skrifstofu eða
- b) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrir-
mælum Lýðveldisins Belarús, stjórnar þess, opinberra stofnana, fyrirtækja eða skrifstofa.
4. Lagt er bann við því að selja, afhenda, tilfæra, flytja út eða útvega eftirfarandi aðilum, beint eða óbeint,
hugbúnað til fyrirtækjastjórnunar og hugbúnað til hönnunar og framleiðslu á sviði iðnaðar sem færður er á
skrá í XXVI. viðauka:
- a) Lýðveldinu Belarús, stjórn þess, opinberum stofnunum, fyrirtækjum eða skrifstofu eða
- b) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir
fyrirmælum Lýðveldisins Belarús, stjórnar þess, opinberra stofnana, fyrirtækja eða skrifstofa.
5. Lagt er bann við því að:
- a) veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum og þjónustu sem um getur
í 1.–4. mgr., vegna veitingar þeirra með beinum eða óbeinum hætti til Lýðveldisins Belarús, stjórnar
þess, opinberra stofnana, fyrirtækja eða skrifstofa, eða til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningu eða
stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum slíks lögaðila, rekstrareiningar eða
stofnunar eða
- b) veita fjármögnun eða fjárhagsástoð sem tengist vörum og þjónustu sem um getur í 1.–4. mgr., vegna
veitingar þeirra með beinum eða óbeinum hætti, til Lýðveldisins Belarús, stjórnar þess, opinberra
stofnana, fyrirtækja eða skrifstofa, eða til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem
kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum slíks lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar.
6. Ákvæði 1.–4. mgr. gilda ekki um veitingu bráðnaðsynlegrar þjónustu til að slíta, eigi síðar en 2.
október 2024, samningum sem eru ekki í samræmi við þessa grein og voru gerðir fyrir 1. júlí 2024 eða
fylgisamningum sem nauðsynlegir eru vegna framkvæmdar slíkra samninga.
7. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um veitingu þjónustu sem er bráðnaðsynleg vegna nýtingar réttarins
til varnar í dómsmálum og réttarins til skilvirkis lagalegs úrræðis.
8. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um veitingu þjónustu sem er bráðnaðsynleg til að tryggja aðgang að
dóms-, stjórnáskil- eða gerðardómsmeðferðum í aðildarríki, eða vegna viðurkenningar eða fullnustu dóms
eða gerðardóms sem fellur í aðildarríki, að því tilskildu að slík veiting þjónustu sé í samræmi við markmið
þessarar reglugerðar.
9. Ákvæði 1.–4. mgr. gilda ekki fyrir en 2. janúar 2025 um veitingu þjónustu sem er eingöngu ætluð til
einkanota lögaðila, rekstrareininga eða stofnana með staðfestu í Belarús sem eru í eigu eða lúta einvörðungu
eða sameiginlegri stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð
samkvæmt lögum aðildarríkis, lands sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, Sviss eða samstarfslands
eins og skráð er í V. viðauka b.
10. Ákvæði 2., 3. og 4. mgr. gilda ekki um veitingu þjónustu sem er nauðsynleg vegna neyðarástands í
heilbrigðismálum, til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og
veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum.
11. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað þá þjónustu sem um getur í þeim,
samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að hún sé algerlega nauðsynleg
til að setja upp, votta eða meta eldvegg sem:
- a) fjarlægir yfirráð sem einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun sem er á skrá í I. viðauka hefur
yfir eignum lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er ekki á skrá, sem er skráð eða löglega
stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis og sem er í eigu eða undir yfirráðum þess fyrrmefnda og
- b) tryggir að engir frekari fjármunir eða efnahagslegur auður hljóttist af í þágu einstaklingsins, lögaðilans,
rekstrareiningarinnar eða stofnunarinnar sem er á skrá.
12. Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað veitingu þeirrar þjónustu sem um getur þar,
með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að þessi þjónusta sé nauðsynleg fyrir
framlag ríkisborgara Belarús til alþjóðlegra verkefna um opin og aðgang.

13. Þrátt fyrir ákvæði 1.–5. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað þá þjónustu sem um getur í þeim, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að þetta sé nauðsynlegt:

- a) í mannúðarskyni, s.s. til að veita eða greiða fyrir því að veitt sé aðstoð, þ.m.t. sjúkragögn, matvæli eða flutningur starfsmanna hjálparstofnana og tengd aðstoð, eða vegna brottflutnings,
- b) fyrir aðgerðir í borgaralegu samfélagi sem efla, með beinum hætti, lýðræði, mannréttindi eða réttarríkið í Belarús,
- c) vegna starfsemi sendi- og ræðisskrifstofa Sambandsins og aðildarríkjanna eða samstarfslanda í Belarús, þ.m.t. sendinefnda, sendiráða og fastanefnda, eða alþjóðastofnana í Belarús sem njóta friðhelgi að þjóðarétti,
- d) til að tryggja mikilvægar orkubirgðir innan Sambandsins og vegna kaupa, innflutnings eða flutnings inn í Sambandið á titani, áli, kopar, nikkeli, palladíum og járngrýti,
- e) til að tryggja samfellda starfrækslu grunnvirkja, vélbúnaðar og hugbúnaðar sem eru mikilvæg fyrir heilbrigði og öryggi manna eða fyrir öryggi umhverfisins,
- f) til að koma á fót kjarnorkugetu til borgaralegra nota, til reksturs hennar, viðhalds, eldsneytisafhendingar og -endurmeðhöndlunar og öryggis hennar, og til að halda áfram hönnun, byggingu og gangsetningu sem þarf til að ljúka við kjarnorkustöðvar til borgaralegra nota, til afhendingar forefna til framleiðslu á geislavirkum samsætum til lækninga og svipaðrar læknisfræðilegrar notkunar, eða mikilvægrar tækni til vöktunar á geislun í umhverfinu, sem og til samstarfs um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar,
- g) vegna veitingar fjarskiptafyrirtækja í Sambandinu á rafrænni fjarskiptaþjónustu sem þarf vegna reksturs, viðhalds og öryggis, þ.m.t. netöryggis, rafrænnar fjarskiptaþjónustu í Belarús, í Úkraínu, í Sambandinu, milli Belarús og Sambandsins og milli Úkraínu og Sambandsins og vegna gagnaversþjónustu í Sambandinu eða
- h) til einkanota lögaðila, rekstrareininga eða stofnana með staðfestu í Belarús sem eru í eigu eða lúta einvörðungu eða sameiginlegri stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis, lands sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, Sviss eða samstarfslands eins og skráð er í V. viðauka b.

14. Þrátt fyrir 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað veitingu þeirrar lögfræðiráðgjafar sem þar um getur samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að slíkt sé nauðsynlegt til að framhald verði á fyrirliggjandi framtaksverkefnum sem veita fórnarlömbum náttúruhamfara eða hamfara af völdum kjarnorku- eða efnaiðnaðar stuðning og innan ramma alþjóðlegs samþykktarferlis.

15. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 11.–14. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

14) Í stað 1. gr. m kemur eftirfarandi:

„1. gr. m

Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits og af ásetningu, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að bönnin í þessari reglugerð eru sniðgengin, þ.m.t. með því að taka þátt í slíkri starfsemi án þess að reyna vísitandi að ná því markmiði eða áhrifum en vera ljóst að þátttakan getur haft það markmið eða þau áhrif og sætta sig við þann möguleika.“

15) Eftirfarandi greinum er bætt við:

„1. gr. ra

1. Lagt er bann við kaupum, innflutningi eða flutningi inn í Sambandið, með beinum eða óbeinum hætti, á vörum sem gera það mögulegt fyrir Belarús að auka fjölbreytni tekjulinda sinna og gera því þar með kleift að taka þátt í árásum Rússa gegn Úkraínu, eins og skráð er í XXVII. viðauka, ef þær eru upprunnar í Belarús eða fluttar þaðan út.

2. Lagt er bann við því að:

- a) veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við bannið í 1. mgr.,
- b) veita fjármögnun eða fjárhagsástoð, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., vegna kaupa, innflutnings eða tilflutnings þessara vara og tækni eða sem tengist því að veita tengda

tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við bannið í 1. mgr.

3. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um kaup í Belarús sem eru nauðsynleg vegna starfsemi sendi- og ræðis-skrifstofa Sambandsins og aðildarríkjanna, þ.m.t. sendinefnda, sendiráða og fastanefnda, eða til einkanota fyrir ríkisborgara aðildarríkjanna og nánustu aðstandendur þeirra.
4. Lögbær stjórnvöld aðildarríkis geta heimilað innflutning á vörum sem eru eingöngu ætlaðar til einkanota einstaklinga sem ferðast til Sambandsins eða nánustu aðstandenda þeirra og takmarkast við persónulegar eigur þessara einstaklinga og sem eru greinilega ekki ætlaðar til sölu.
5. Lögbær stjórnvöld geta heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, komu ökutækis sem fellur undir SN-númer 8703 inn í Sambandið, sem er ekki ætlað til sölu og er í eigu:
 - a) borgara aðildarríkis eða náins aðstandanda sem er búsettur í Belarús og ekur ökutækinu inn í Sambandið eingöngu til einkanota eða
 - b) borgara Belarús sem er handhafi gildrar vegabréfsáritunar eða dvalarleyfis sem heimilar komu inn í Sambandið og sem ekur farartækinu inn í Sambandið eingöngu til persónulegra nota.
6. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um komu vélknúinna ökutækja sem falla undir SN-númer 8703 inn í Sambandið ef þau bera diplómatiskt skráningamerki og eru nauðsynleg vegna starfsemi sendi- og ræðis-skrifstofa, þ.m.t. sendinefnda, sendiráða og fastanefnda, eða alþjóðastofnana sem njóta friðhelgi að þjóðarétti, eða til einkanota starfsfólks þeirra og nánustu aðstandenda þeirra.
7. Bannið í 1. mgr. kemur ekki í veg fyrir að ökutæki sem þegar eru á yfirráðasvæði Sambandsins 1. júlí 2024 verði skráð í aðildarríki.
8. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um komu ökutækis sem fellur undir SN-númer 8703 inn í Sambandið, sem er eingöngu ætlað í mannúðarskyni, þ.m.t. vegna brottflutnings eða heimsendingar einstaklinga, eða til að flytja farþega sem hafa vottorð, útgefið af aðildarríki, sem staðfestir að þeir ferðist til þess aðildarríkis innan ramma framtaksverkefna til stuðnings fórnarlömbum náttúruhamfara eða hamfara af völdum kjarnorku- eða efnaðnaðar.
9. Að því er varðar vörur sem skráðar eru í XXVII. viðauka gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki fyrr en 2. október 2024 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 1. júlí 2024 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna framkvæmdar slíkra samninga.
10. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað kaup, innflutning eða tilflutning varanna sem eru á skrá í XXVII. viðauka, eða veitingu tengdrar tækni- og fjárhagsástoðar, með þeim skilyrðum sem þau telja við hæfi, eftir að hafa ákvarðað að slíkt sé nauðsynlegt til að koma á fót kjarnorkugetu til borgaralegra nota, til reksturs hennar, viðhalds, eldsneytisafhendingar og -endurmeðhöndlunar og öryggis hennar, og til að halda áfram hönnun, byggingu og gangsetningu sem þarf til að ljúka við kjarnorkustöðvar til borgaralegra nota, til afhendingar forefna til framleiðslu á geislavirkum samsætum til lækninga og svipaðrar læknisfræðilegrar notkunar, eða mikilvægrar tækni til vöktunar á geislun í umhverfinu, sem og til samstarfs um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar.
11. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, innflutning eða tilflutning vara sem voru staðsettar í Belarús áður en viðeigandi bann tók gildi að því er varðar þessar vörur, sem falla undir SN-númer 8471, 8523, 8536 og 9027, eins og skráð er í XXVII. viðauka, eða veitingu tengdrar tækni- og fjárhagsástoðar, eftir að hafa ákvarðað að þessar vörur séu íhlutir lækningatækja og séu fluttar inn í Sambandið vegna viðhalds, viðgerðar eða skila á gölluðum íhlutum.
12. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 10. og 11. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.

1. gr. rb

1. Lagt er bann við kaupum, innflutningi eða tilflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á gulli, eins og skráð er í XXI. viðauka, ef það er upprunnið í Belarús og hefur verið flutt út frá Belarús inn í Sambandið eða til hvaða þriðja lands sem er eftir 1. júlí 2024.
2. Lagt er bann kaupum, innflutningi eða tilflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á vörum, sem taldar eru upp í XXI. viðauka, ef þær eru unnar í þriðja landi og fela í sér vörurnar sem eru bannaðar skv. 1. mgr.
3. Lagt er bann kaupum, innflutningi eða tilflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á gulli, eins og skráð er í XXII. viðauka, ef það er upprunnið í Belarús og hefur verið flutt út frá Belarús til Sambandsins eftir 1. júlí 2024.
4. Lagt er bann við því að:

- a) veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum sem um getur í 1., 2. og 3. mgr., og við því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við bönnin í þessum málsgreinum, eða
 - b) veita fjármögnun eða fjárhagsástoð, sem tengist vörunum sem um getur í 1., 2. og 3. mgr., vegna kaupa, innflutnings eða tilflutnings þessara vara eða sem tengist því að veita tengda tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við bönnin í þessum málsgreinum.
5. Bönnin í 1., 2. og 3. mgr. gilda ekki um gull sem er nauðsynlegt í opinberum tilgangi sendi- eða ræðis-skrifstofa eða alþjóðastofnana í Belarús sem njóta friðhelgi að þjóðarétti.
6. Bannið í 3. mgr. gildir ekki um vörur, sem eru á skrá í XXII. viðauka, til einkanota fyrir einstaklinga sem ferðast til Sambandsins eða fyrir nánustu aðstandendur þeirra sem ferðast með þeim, eru í eigu þessara einstaklinga og ekki ætlaðar til sölu.
7. Þrátt fyrir 1., 2. og 3. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað tilflutning eða innflutning á menningar-verðmætum sem eru í láni í tengslum við formlegt menningarsamstarf við Belarús.

I. gr. rc

1. Frá og með 1. júlí 2024 er lagt bann við kaupum, innflutningi eða tilflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á demöntum og vörum með demöntum, eins og skráð er í A-, B- og C-hluta XXXVIII. viðauka A, ef þeir eru upprunnir í Belarús eða hafa verið fluttir út frá Belarús til Sambandsins eða til þriðja lands.
2. Frá og með 1. júlí 2024 er lagt bann við kaupum, innflutningi eða tilflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á demöntum og vörum með demöntum, eins og skráð er í A-, B- og C-hluta XXXVIII. viðauka A, hver sem uppruni þeirra er, ef þeir voru fluttir um yfirráðasvæði Belarús.
3. Lagt er bann við því að:
- a) veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum sem um getur í 1. og 2. mgr., og við því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við bönnin í þessum málsgreinum,
 - b) veita fjármögnun eða fjárhagsástoð, sem tengist vörum sem um getur í 1., og 2. mgr., vegna kaupa, innflutnings eða tilflutnings þessara vara eða sem tengist því að veita tengda tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við bönnin í þessum málsgreinum.
4. Bönnin í 1. og 2. mgr. gilda ekki um vörur, sem eru á skrá í C-hluta XXIX. viðauka, og eru til einkanota fyrir einstaklinga sem ferðast til Sambandsins eða fyrir nánustu aðstandendur þeirra sem ferðast með þeim, eru í eigu þessara einstaklinga og ekki ætlaðar til sölu.
5. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað tilflutning eða innflutning á menningar-verðmætum sem eru í láni í tengslum við formlegt menningarsamstarf við Belarús.“
- 16) Ákvæðum 1. gr. s er breytt sem hér segir:
- a) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:
„1a Lagt er bann við umflutningi um yfirráðasvæði Belarús á vélbúnaði, sem er á skrá í XIV. viðauka a., sem er fluttur út frá Sambandinu.“
 - b) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:
„4. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á vélbúnaði sem skráður er í XIV. viðauka, eða veitingu tengdrar tækniástoðar, miðlunarþjónustu, fjármögnunar eða fjárhagsástoðar, þ.m.t. fjármála-afleiður, ásamt váttryggingum og endurtryggingum, eftir að hafa ákvarðað að það sé ætlað sendiskrifstofum Sambandsins, aðildarríkja og samstarfslanda, þ.m.t. sendinefndum, sendiráðum og fastanefndum, og alþjóðastofnunum sem njóta friðhelgi að þjóðarétti.
 - 5. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 4. mgr. innan 2 vikna frá því að hún er veitt.“
- 17) Ákvæðum 1. gr. sa er breytt sem hér segir:
- a) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„1a Lagt er bann við umflutningi um yfirráðasvæði Belarús á vörum og tækni sem henta til notkunar í flug- eða geimiðnaði, eins og skráð er í XVII. viðauka, sem flutt er út frá Sambandinu.“

b) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Lagt er bann við því að:

- a) veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., og við því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi,
- b) að veita fjármögnun eða fjárhagsástoð, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings þessara vara og tækni eða sem tengist veitingu tengdrar tækniástoðar, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi eða
- c) selja, veita leyfi fyrir eða framselja með öðrum hætti hugverkarétt eða viðskiptaleyndarmál, sem og að veita rétt til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi.“

c) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„6a. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 4. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning varanna sem eru á skrá í XVII. viðauka eða veitingu tengdrar tækniástoðar, miðlunarþjónustu, fjármögnunar eða fjárhagsástoðar eftir að hafa ákvarðað að það sé nauðsynlegt vegna framleiðslu titáníumvara sem þarf fyrir flugiðnaðinn þar sem ekki liggja fyrir aðrir kostir.

6b. Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, veitingu tækniástoðar í tengslum við notkun vara og tækni sem um getur í 1. mgr., eftir að hafa ákvarðað að veiting slíkrar tækniástoðar sé nauðsynleg til að forðast árekstur gervihnatta eða óráðgerða endurkomu þeirra inn í gufuhvolfið.“

d) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„7a. Þrátt fyrir 1. mgr. a geta lögbær stjórnvöld heimilað umflutning um yfirráðasvæði Belarús á vörum og tækni, sem henta til notkunar í flug- eða geimiðnaðinum, eins og skráð er í XVII. viðauka, eftir að hafa ákvarðað að nota eigi slíkar vörur eða tækni í þeim tilgangi sem settur er fram í 6. mgr. a, 6. mgr. b og 7. mgr.

7b. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara sem eru á skrá í XVII. viðauka, ef vörurnar eru ætlaðar til einkanota aðildarríkisins sem veitir heimildina og undir fullu eftirliti þess og til að uppfylla viðhaldsskyldu þess á svæðum sem falla undir langtímaleigusamning milli þess aðildarríkis og Belarús.“

18) Ákvæðum 1. gr. zc er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„1a. Bannið í 1. mgr. gildir um vöruflutninga á yfirráðasvæði Sambandsins sem flutningafyrirtæki á vegum annast, með eftirvögnum eða festivögnum sem skráðir eru í Belarús, þ.m.t. þegar þeir eru dregnir af vörubifreiðum sem skráðar eru í öðrum löndum.

1b. Lagt er bann við því að heimila lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Sambandinu, sem er yfir 25% í eigu hvít-rússnesks einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, að verða flutninga- fyrirtæki á vegum sem flytur vörur á vegum á yfirráðasvæði Sambandsins, þ.m.t. í gegnumflutningi.

1c. Frá og með 2. ágúst 2024 er lagt bann við því að flutningafyrirtæki á vegum sem komið er á fót í Sambandinu eftir 8. apríl 2022, sem er yfir 25% í eigu hvít-rússnesks einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, flytji vörur á vegum á yfirráðasvæði Sambandsins, þ.m.t. í gegnumflutningi.

1d. Flutningafyrirtæki á vegum með staðfestu í Sambandinu skulu, að fenginni beiðni frá lögbæru innlendu stjórnvaldi aðildarríkisins þar sem þau hafa staðfestu, veita því stjórnvaldi upplýsingar um skipulag eignar- halds síns.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„2a Ákvæði 1. mgr. b og 1. mgr. c gilda ekki um flutningafyrirtæki á vegum með staðfestu í Sambandinu, sem eru yfir 25% í eigu ríkisborgara Belarús sem einnig eru ríkisborgarar aðildarríkis eða sem hafa tímabundið dvalarleyfi eða búsetuleyfi í aðildarríki.“

c) Ákvæðum 4. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„4. Þrátt fyrir 1. mgr. og 1. mgr. a geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað vöruflutninga af hálfu flutningafyrirtækis á vegum með staðfestu í Belarús eða hvaða flutningafyrirtækis á vegum sem er, þar sem vörurnar eru fluttar með eftirvögnum eða festivögnum sem skráðir eru í Belarús, þ.m.t. ef þessir eftirvagnar eða festivagnar eru dregnir af vörubifreiðum sem skráðar eru í öðrum löndum, ef lögbær stjórnvöld hafa ákveðið að slíkir flutningar séu nauðsynlegir.“

ii. Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) vegna starfsemi sendi- og ræðisskrifstofa í Belarús, þ.m.t. sendinefnda, sendiráða og fastanefnda, eða alþjóðastofnana í Belarús sem njóta friðhelgi að þjóðarétti.“

19) Eftirfarandi málsgreinar bætast við 2. gr.:

„7. Í I. viðauka skal einnig vera skrá yfir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem ráðið hefur, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. ákvörðunar 2012/642/SSUÓ, tilgreint að auðveldi brot á banninu við því að sniðganga ákvæði þessarar reglugerðar eða þeirrar ákvörðunar eða raski þessum ákvæðum verulega á annan hátt.

8. Í I. viðauka skulu einnig vera einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir sem tengjast þeim aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem um getur í 5., 6. og 7. mgr.“

20) Eftirfarandi grein er bætt við:

„4. gr. c

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað losun tiltekinna frosinna fjármuna eða efnahagslegs auðs sem tilheyrir, er í eigu, í vörslu eða undir stjórn einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í I. viðauka, eða að veita slíkum einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun þjónustu, samkvæmt þeim skilmálum sem þau telja viðeigandi og eftir að hafa ákvarðað að það sé bráðnauðsynlegt til að setja upp, votta eða meta eldvegg sem:

- a) fjarlægir yfirráð sem einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun sem er á skrá í I. viðauka hefur yfir eignum lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er ekki á skrá, sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis og sem er í eigu eða undir yfirráðum þess fyrrnefnda og
- b) tryggir að engir frekari fjármunir eða efnahagslegur auður hljótist af í þágu einstaklingsins, lögaðilans, rekstrareiningarinnar eða stofnunarinnar sem er á skrá.“

21) Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað c-liðar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„c) brot á ákvæðum og vandkvæði samfara framkvæmd, viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar ásamt upplýsingum um dóma innlendra dómstóla.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4. Sérhvert skjal sem ráðið, framkvæmdastjórnin eða æðsti fulltrúi Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum („æðsti fulltrúinn“) hefur í vörslu sinni í þeim tilgangi að tryggja framfylgd þeirra aðgerða, sem settar eru fram í þessari reglugerð, eða koma í veg fyrir brot á þessum aðgerðum eða að þær verði sniðgengnar, skal falla undir þagnarskyldu, og njóta þeirrar verndar sem reglur, sem gilda um meginstofnanir Sambandsins, veita. Sama vernd skal gilda um sameiginlegar tillögur æðsta fulltrúans og framkvæmdastjórnarinnar að breytingum á þessari reglugerð og öll undirbúnings skjöl sem þeim tengjast.

Gera skal ráð fyrir því að birting slíkra skjala eða tillagna, sem um getur í fyrstu undirgrein, myndi skaða öryggi Sambandsins eða eins eða fleiri af aðildarríkjum þess eða alþjóðatengsl þeirra.“

22) Eftirfarandi grein er bætt við:

„8. gr. da

1. Þrátt fyrir 1. gr. bb, 1. gr. e, 1. gr. f, 1. gr. fd, 1. gr. g, 1. gr. ga, 1. gr. gc, 1. gr. s og 1. gr. sa geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu eða tilflutning á vörum og tækni sem eru á skrá í V. viðauka a, VI., XIV., XVII., XVIII., XX., XXIV. og XXV. viðauka til 31. desember 2024, ef slík sala, afhending eða

tillflutningur er bráðnauðsynlegur til þess að losa um fjárfestingar í Belarús eða slíta þar atvinnustarfsemi, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) vörurnar og tæknin séu í eigu ríkisborgara aðildarríkis eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis, eða lögaðila, rekstrareininga eða stofnana með staðfestu í Belarús sem eru í eigu eða lúta einvörðungu eða sameiginlegri stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis og
- b) lögbær stjórnvöld sem taka ákvörðun um beiðnir um heimildir hafi enga réttmæta ástæðu til að ætla að vörurnar og tæknin geti verið ætlað endanlegum notanda á hernaðarlegu sviði eða séu til hernaðarnota í Belarús og
- c) viðkomandi vörur og tækni hafi verið staðsett í Belarús áður en viðeigandi bönn í 1. gr. bb, 1. gr. e, 1. gr. f, 1. gr. fd, 1. gr. g, 1. gr. ga, 1. gr. gc, 1. gr. s og 1. gr. sa tóku gildi að því er varðar þessar vörur og tækni.

2. Þrátt fyrir 1. gr. h, að því er varðar vörur úr jarðefnum, og 1. gr. o, 1. gr. p, 1. gr. q, 1. gr. r, 1. gr. ra og 1. gr. rb geta lögbær stjórnvöld heimilað innflutning eða tilflutning á vörum sem eru á skrá í VII., X., XI., XII., XIII., XXI., XXII. og XXVII. viðauka til 31. desember 2024, ef slíkur innflutningur eða tilflutningur er bráðnauðsynlegur til þess að losa um fjárfestingar í Belarús eða slíta þar atvinnustarfsemi, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) vörurnar séu í eigu ríkisborgara aðildarríkis eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis eða lögaðila, rekstrareininga eða stofnana með staðfestu í Belarús, sem eru í eigu eða lúta einvörðungu eða sameiginlegri stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis, og
- b) viðkomandi vörur voru staðsettar í Belarús áður en viðeigandi bönn í 1. gr. h, að því er varðar vörur úr jarðefnum, eða í 1. gr. o, 1. gr. p, 1. gr. q, 1. gr. r, 1. gr. ra og 1. gr. rb tóku gildi að því er varðar þessar vörur.

3. Þrátt fyrir 1. gr. jc geta lögbær stjórnvöld heimilað áframhaldandi veitingu þjónustu sem þar er talin upp til 31. desember 2024 ef slík veiting þjónustu er algerlega nauðsynleg til þess að losa um fjárfestingar í Belarús eða slíta þar atvinnustarfsemi, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) slík þjónusta er einungis veitt lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem verða til við fjárlöslunina og í þágu þeirra og
- b) lögbær stjórnvöld sem taka ákvörðun um beiðnir um heimildir hafi enga réttmæta ástæðu til að ætla að þjónustan kunni að verða veitt, með beinum eða óbeinum hætti, ríkisstjórn Belarús eða endanlegum notanda á hernaðarlegu sviði eða séu til hernaðarnota í Belarús.

4. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 1., 2. og 3. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.

5. Allar heimildir sem um getur í 1. mgr. að því er varðar vörur og tækni sem eru á skrá í V. viðauka a við þessa reglugerð sem og í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/821, skulu gefnar út með rafrænum hætti, þegar unnt er, á eyðublöðum sem að lágmarki innihalda alla þættina og í þeirri röð sem kveðið er á um í fyrirmynd C sem sett er fram í V. viðauka c við þessa reglugerð.“

23) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 8. gr. e:

„4. Lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna, þ.m.t. fullnustuyfirvöld, tollyfirvöld í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013(9), lögbær stjórnvöld í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013(10), tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849(11) og tilskipunar 2014/65/ESB, auk stjórnenda opinberra skráa þar sem einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir, ásamt fasteignum eða lausafé, eru skráð, skulu vinna og skiptast án tafar á upplýsingum, þ.m.t. persónuupplýsingum og, ef nauðsyn krefur, upplýsingunum sem um getur í 8. gr. j við önnur lögbær stjórnvöld aðildarríkis þeirra, annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórnina, ef slík vinnsla og skipti eru nauðsynleg til að inna af hendi verkefni vinnslufirvaldsins eða viðtökuyfirvaldsins samkvæmt þessari reglugerð, einkum þegar þau verða vör við brot eða sniðgöngu, eða tilraunir til brota eða sniðgöngu, á þeim bönnum sem sett eru fram í þessari reglugerð. Þetta ákvæði er með fyrirvara um reglur varðandi trúnað um upplýsingar í vörslu dómsyfirvalda.

24) Eftirfarandi greinum er bætt við:

„8. gr. f

1. Að því er varðar bönn við innflutningi vara sem kveðið er á um í þessari reglugerð er tollyfirvöldum heimilt að afhenda vöru sem staðsett er í Sambandinu eins og kveðið er á um í 26. lið 5. gr. tollalaga Sambandsins, að því tilskildu að vörurnar hafi verið lagðar fram til tollskoðunar í samræmi við 134. gr. tollalaga Sambandsins fyrir þann dag sem viðkomandi innflutningsbönn tóku gildi eða þann dag sem þau komu til framkvæmda, hvort sem ber upp síðar.
2. Heimila skal öll nauðsynleg þrep í málsmeðferðinni vegna afhendingar, sem um getur í 1. og 5. mgr., á viðkomandi vörum samkvæmt tollalögum Sambandsins.
3. Tollyfirvöld skulu ekki heimila afhendingu varanna ef þau hafa rökstuddan grun um sniðgöngu og skulu ekki heimila endurútflutning þeirra til Belarús.
4. Greiðslur í tengslum við slíkar vörur skulu vera í samræmi við ákvæði og markmið þessarar reglugerðar, einkum bannið við kaupum.
5. Vörur sem voru stöðvaðar við beitingu þessarar reglugerðar, sem eru staðsettar í Sambandinu og sem lagðar voru fram til tollskoðunar fyrir 1. júlí 2024, mega tollyfirvöld afhenda með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í 1.–4. mgr.

8. gr. g

1. Þegar vörur og tækni sem eru á skrá í XVI., XVII. og XXVIII. viðauka við þessa reglugerð, almennar vörur með mikinn forgang sem eru á skrá í XXX. viðauka við þessa reglugerð eða skotvopn og skotfæri sem eru á skrá í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 258/2012 eru seld, afhent, flutt til eða flutt út til þriðja lands, að undanskildum löndunum sem eru á skrá í V. viðauka ba við þessa reglugerð, skulu útflytjendur banna samkvæmt samningi endurútflutning til Belarús og endurútflutning til nota þar í landi.
2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um:
 - a) efndir samninga í tengslum við vörur sem falla undir SN-númer 8457 10, 8458 11, 8458 91, 8459 61 og 8466 93, eins og skráð er í XXX. viðauka,
 - b) efndir samninga sem gerðir voru fyrir 1. júlí 2024 þar til þess dags sem þeir falla úr gildi.
3. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um opinbera samninga sem gerðir eru við opinbert yfirvald í þriðja landi eða við alþjóðastofnun.
4. Útflytjendur skulu upplýsa lögbært stjórnvald í því aðildarríki, þar sem þeir hafa búsetu eða staðfestu, um hvers konar opinberan samning sem þeir hafa gert og sem nýtur góðs af undanþágunni skv. 3. mgr. innan tveggja vikna frá því að hann er gerður. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um allar upplýsingar sem það veitir viðtöku samkvæmt þessari málsgrein innan tveggja vikna frá viðtöku þeirra.
5. Við beitingu 1. mgr. skulu útflytjendur tryggja að í samningi við þriðja land sem er mótaðili sé að finna fullnægjandi úrræði ef brotið er gegn samningsbundinni skyldu skv. 1. mgr.
6. Ef þriðja landið sem er mótaðili brýtur gegn einhverri samningsbundinni skyldu skv. 1. mgr. skulu útflytjendur tilkynna lögbæru stjórnvaldi aðildarríkisins þar sem þeir eru búsettir eða hafa staðfestu um brotið um leið og þeir verða varir við það.
7. Aðildarríkin skulu upplýsa hvert annað og framkvæmdastjórnina um tilvik þar sem komið hefur í ljós að brotið hefur verið gegn samningsbundinni skyldu skv. 1. mgr. eða hún sniðgengin.

8. gr. ga

1. Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir sem selja, afhenda, tilfæra eða flytja út almennar vörur með mikinn forgang, eins og skráð er í XXX. viðauka við þessa reglugerð, skulu, frá og með 2. janúar 2025:
 - a) gera viðeigandi ráðstafanir, sem hæfir eðli þeirra og umfangi, til að greina og meta áhættu af útflutningi til Belarús og útflutningi til notkunar í Belarús fyrir slíkar vörur eða tækni og tryggja að þetta áhættumat sé skjalfest og uppfært,
 - b) koma á viðeigandi stefnum, eftirliti og verklagsreglum, sem hæfir eðli þeirra og umfangi, til að milda og stýra með skilvirkum hætti áhættu af útflutningi til Belarús og útflutningi til notkunar í Belarús fyrir slíkar vörur eða tækni, hvort sem áhættan var greind á þeirra vettvangi eða á vettvangi aðildarríkisins eða Sambandsins.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem selja, afhenda eða framselja almennar vörur með mikinn forgang, eins og skráð er í XXX. viðauka, einungis innan Sambandsins eða til landa sem skráð eru í V. viðauka ba við þessa reglugerð.
3. Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir skulu, frá og með 2. janúar 2025, tryggja að lögaðili, rekstrareining eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins, sem þau eiga eða hafa yfirráð yfir og selur, afhendir, tilfærir eða flytur út almennar vörur með mikinn forgang, eins og skráð er í XXX. viðauka, komi til framkvæmda kröfunum í a- og b-lið 1. mgr.
4. Ákvæði 3. mgr. gilda ekki þegar einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir geta ekki sjálfar farið með yfirráð yfir eigin lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun af ástæðum sem viðkomandi átti enga sök á.

8. gr. h

Sérhver aðili sem um getur í þriðja og fjórða undirlíð 10. gr. skal, með dómsmeðferð fyrir þar til bærum dómstólum aðildarríkisins, eiga rétt á skaðabótum, þ.m.t. vegna lögfræðikostnaðar sem sá aðili stofnar til vegna krafna, sem aðilar, rekstrareiningar og stofnanir, sem um getur í a-, b-, c- eða d-lið 1. mgr. 8. gr. d, stofna til í þriðju lündum í tengslum við samning eða viðskipti þar sem framkvæmd þeirra hefur orðið fyrir áhrifum, með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða að hluta, af þeim ráðstöfunum sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari, að því tilskildu að viðkomandi aðili hafi ekki greiðan aðgang að úrræðum í viðkomandi lögsögu.

8. gr. i

Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir skulu gera sitt ýtrasta til að tryggja að lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir með staðfestu utan Sambandsins, sem þau eiga eða ráða yfir, taki ekki þátt í starfsemi sem grefur undan þvingunaraðgerðum sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

8. gr. j

1. Í samræmi við þá virðingu fyrir trúnaði, sem ríkir í samskiptum milli lögmanna og skjólstæðinga þeirra og tryggð er í 7. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, og, þar sem við á, með fyrirvara um reglur um trúnað varðandi upplýsingar í vörslu dómsyfirvalda skulu einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir:
 - a) veita lögbæru stjórnvaldi í því aðildarríki þar sem þeir eða þær hafa heimilisfesti eða eru staðsettir eða staðsettar allar upplýsingar, sem myndu greiða fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar, innan tveggja vikna frá því að hafa fengið þessar upplýsingar og
 - b) vinna með lögbæra stjórnvaldinu að því að sannreyna þessar upplýsingar.
 2. Að því er varðar 1. mgr. skal trúnaður í samskiptum milli lögmanna og skjólstæðinga þeirra taka til trúnaðar í samskiptum sem varða lögfræðiráðgjöf sem veitt er af öðrum sérfræðingum með málflutningsleyfi samkvæmt landslögum til að flytja mál fyrir skjólstæðinga sína fyrir dómstólum, að svo miklu leyti sem slík lögfræðiráðgjöf er veitt í tengslum við yfirstandandi eða væntanlega dómsmeðferð.
 3. Hlutaðeigandi aðildarríki skal senda framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar sem það veitir viðtöku skv. 1. mgr. innan eins mánaðar frá viðtöku þeirra. Hlutaðeigandi aðildarríki getur sent slíkar upplýsingar á nafnlausu formi ef rannsóknar- eða dómsyfirvald hefur lýst þær trúnaðarmál í tengslum við yfirstandandi rannsóknir sakamála eða dómsmeðferðir sakamála.
 4. Allar viðbótarupplýsingar, sem framkvæmdastjórnin veitir viðtöku beint, skulu gerðar aðgengilegar aðildarríkjunum.
 5. Allar upplýsingar, sem eru látnar í té eða veitt viðtaka samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, eru eingöngu ætlaðar til notkunar í sama tilgangi og leiddi til þess að þær voru veittar eða þeim veitt viðtaka.“
- 25) Í stað 1. mgr. 9. gr. kemur eftirfarandi:
- „1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög, þ.m.t. refsiviðurlög eins og við á, við brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif og geta tekið tillit til valfrjálstrar sjálfstilkynningar um brot á ákvæðum þessarar reglugerðar sem mildandi þáttar, í samræmi við viðeigandi landslög. Aðildarríkin skulu einnig kveða á um viðeigandi ráðstafanir til að gera ágóða af slíkum brotum upptækan.“
- 26) Viðaukunum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.
Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. júní 2024.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

H. LAHBIB

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1864, 30.6.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/1864/oj>.

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 765/2006 frá 18. maí 2006 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu (Stjtið. ESB L 134, 20.5.2006, bls. 1).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins 2012/642/SSUÖ frá 15. október 2012 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu (Stjtið. ESB L 285, 17.10.2012, bls. 1).

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 184/2005 frá 12. janúar 2005 um hagskýrslur Bandalagsins að því er varðar greiðslujöfnuð, þjónustuviðskipti við útlönd og beina, erlenda fjárfestingu (Stjtið. ESB L 35, 8.2.2005, bls. 23).

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 258/2012 frá 14. mars 2012 um framkvæmd 10. gr. bókunar Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri framleiðslu á og verslun með skotvopn, hluta þeirra, ihluti og skotfæri, sem er viðbót við samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölpjódlegri, skipulagðri glæpastarfsemi (bókun SP um skotvopn), og um að koma á útflutningsleyfum og innflutnings- og umflutningsráðstöfunum vegna skotvopna, hluta þeirra, ihluta og skotfæra (Stjtið. ESB L 94, 30.3.2012, bls. 1).

⁽⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1226 frá 24. apríl 2024 um skilgreiningu á refsiverðum brotum og viðurlögum vegna brota á þvingunaraðgerðum Sambandsins og breytingu á tilskipun (ESB) 2018/1673 (Stjtið. ESB L, 2024/1226, 29.4.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2024/1226/oj>).

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB C 86, 18.3.2011, bls. 1.“

⁽⁸⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014 frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 1).“

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 frá 9. október 2013 um tollalög Sambandsins (Stjtið. ESB L 269, 10.10.2013, bls. 1).

⁽¹⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 176 27.6.2013, bls. 1).

⁽¹¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningabættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtið. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73).“

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/1865/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.